# FRÉTTABLAÐIÐ

259. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 2. NÓVEMBER 2016




Formleg dagskrá Iceland Airwawes hefst í kvöld og verða tónleikar í Hörpu, Nasa, Gamla bíói, Húrra á Gauknum, í Iðnó og víðar. Í gær voru fjölmargir tónleikagestir í Hörpu að sækja armbönd, sem veita þeim aðgang að hátíðinni. Búast má við að enn fleiri sæki armböndin sín í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þjóðinni misboðið og hafnar kjararáði

**Ákvörðun kjararáðs um miklar launahækkanir forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna fellur í svo grýttan jarðveg að helst má líkja viðbrögðunum við það að ónæmiskerfi þjóðarinnar hafi hafnað útkomunni. Áskoranir um að grípa inn í streyma til alþingismanna.**

**KJARAMÁL** „Það er auðvitað alveg óþolandi þegar svona stofnanir eru aftur og aftur að úrskurða launakjör alþingismanna þannig að það verði allt vitlaust í þjóðfélaginu,“ segir Svavar Gestsson, formaður Félags fyrrverandi alþingismanna, um nýja ákvörðun kjararáðs varðandi laun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna.

Segja má að Svavar slái þar tóninn fyrir viðbrögð þjóðarinnar við þeirri ákvörðun sem kjararáð tók á kjördag og kynnti í gær hækkun á launum alþingismanna um 44 prósent, launum ráðherra um tæp 36 prósent og á launum forseta Íslands um fimmtung.

Samtök launamanna, verkalýðsforingjar og fulltrúar atvinnurekenda fordæma hækkunina.

„Við ætluðum að reyna að ná einhverju samkomulagi og sátt um að vera hóflegir í launahækkunum en svo koma æðstu embættismenn sem predika yfir okkur og gefa okkur puttann,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Í sumum sveitarfélögum landsins, meðal annars í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri, eru laun bæjarfulltrúa hlutfall af þingfararkaupi. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, kveðst hafa mælt fyrir um það að af þessari hækkun yrði þó ekki þar.

„Það að laun ráðamanna hækki langt umfram þær línur sem lagðar hafa verið varðandi kjaraþróun í landinu – í nafni stöðugleika, er bæði óréttlátt og rangt – og má ekki standa,“ segir borgarstjóri í bréfi til allra alþingismanna.

„Þetta eru í raun og veru meingölluð vinnubrögð hjá ráðinu,“ segir Þorsteinn Víglundsson, nýkjörinn þingmaður Viðreisnar og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Fréttablaðið ræddi í gær við fólkið á götunni sem var reitt og vonsvikið. „Það voru allir í skólanum að tala um þetta, hvað þetta væri fáránlegt. Meira að segja hófst kennsla ekki alveg á réttum tíma," sagði Kolfinna Birkisdóttir menntaskólanemi.

Svavar Gestsson segir Alþingi geta breytt ákvörðuninni. „Alþingi ræður á Íslandi,“ svarar ráðherrann fyrrverandi aðspurður hvort það sé í raun á valdi þingmanna að taka fram fyrir hendur kjararáðs.

**– gar, bbh** / sjá síður 8, 10 og 11

## Gríðarleg þörf í innviðunum

**VIÐSKIPTI** Gríðarleg þörf er fyrir innviðafjárfestingar á Íslandi og má áætla að 230 milljarða vanti til að mæta litlili fjárfestingu síðustu ára í innviðum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu fjármálafyrirtækisins Gamma sem kemur út í dag. Í skýrslunni kemur fram að þörf fyrir innviðafjárfestingu þyrfti að vera 5,5% af landsframleiðslu, en hún hefur verið mun minni undanfarin ár. Gísli Hauksson, forstjóri Gamma, segir tækifæri liggja í áhuga stórra erlendra langtímasjóða sem kjósi stöðugleika framar hárri ávöxtun. Hann bendir á nauðsyn þess að skapa lagaramma til að auðvelda aðkomu fjárfesta að innviðaverkefnum og segir nærtækast að líta til Norðurlandanna í leit að fyrirmyndum.

**– hh** / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Elva Tryggvadóttir skrifar um björgunarstörf. 12

**SPORT** Arnór Atlason og félagar eru klárir í Tékkaleikinn. 16

**TÍMAMÓT** Ingrid Kuhlman sýnir myndina Hamingjan sanna! í kvöld. 18

**LÍFIÐ** Hrefna Sætran dæmir ásamt æskuhetjunni sinni, Sigga Hall, í nýjum sjónvarpsþættum. 30




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðaustankaldi og rigning eða slydda í dag, þurrt að mestu norðaustanlands. Hiti 0 til 8 stig, hlýjast syðst. SJÁ SÍÐU 20

# Nýr þingflokkur fundar



Þingflokkur Pírata kom saman í þingfundarherbergi sínu í gær, en þingflokkurinn hefur þrefaldast að stærð frá því fyrir helgi. Nýr þingmaður, Eva Pandora Baldursdóttir, tók tveggja mánaða dóttur sína með. Sú virðist, af myndinni að dæma, hafa verið býsna þyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Erfitt að mynda stjórn án D-lista

**STJÓRNMÁL** Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir að afar erfitt sé að mynda ríkisstjórn án aðkomu Sjálfstæðisflokksins. Þetta kom meðal annars fram á opnum fundi þingflokks Viðreisnar.

„Ég fór yfir kosningarnar, aðdragandann og þakkaði fólki fyrir. Síðan fór ég yfir hvaða möguleikar eru til stjórnarmyndunar,“ segir Benedikt. Hann segir að sumir flokkar hafi gefið út að þeir hafi ekki í hyggju að starfa með þessum og hinum og það flæki jöfnuna eilítið.

„Ég skoðaði bara stærðfræðina þarna að baki. Hverjir geta myndað stjórn með þessum og hverjir með hinum,“ segir Benedikt. „Það er augljóst að þegar einn flokkur hefur svona mikinn þingstyrk, þá er erfitt að mynda ríkisstjórn án hans aðkomu.“

> Það er augljóst að þegar einn flokkur hefur svona mikinn þingstyrk, þá er erfitt að mynda ríkisstjórn án hans.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar



Formaðurinn segir að lítið hafi gerst í gær enda þótt einhverjar þreifingar hafi átt sér stað. Þess sé beðið að Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veiti einhverjum stjórnarmyndunarumboð. Heimildir Fréttablaðsins herma að hann hafi rætt við formenn minnst þriggja stjórnmálaflokka í gær. Umræddir formenn voru Benedikt Jóhannesson, Bjarni Benediktsson og Katrín Jakobsdóttir.

Líklegt þykir að forsetinn muni liggja undir feldi fram eftir degi og veita stjórnarmyndunarumboð þegar líða tekur á daginn. Það gæti þó dregist þar til á morgun. Þar er um að ræða eldskírn Guðna Th. Jóhannessonar í þeim efnum. – jóe

# Kristján Guy hættur störfum

**STJÓRNMÁL** „Ég hef sent nýjum formanni, Loga Einarssyni, uppsagnarbréf mitt enda var það alltaf svo að framtíð mín í starfi myndi miðast við árangur í kosningum,“ segir Kristján Guy Burgess. Hann sagði í dag upp sem framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, ári eftir að hann hóf þar störf.

„Þetta hefur verið ævintýralegur tími og meiri lífsreynsla en ég hefði nokkurn tímann getað ímyndað mér og ég er ótrúlega þakklátur fyrir samstarfið við fólkið sem ég hef unnið með og kynnst í Samfylkingunni og annars staðar í pólitíkinni,“ sagði Kristján Guy í færslu á Fésbókarsíðu sinni í gær. – skó



Kristján Guy Burgess, fráfarandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar




# Héldu einkatónleika fyrir langveikan dreng

**Þungarokkshljómsveitin Dimma spilaði sex lög fyrir átta ára aðdáanda. Guttinn brosti sínu breiðasta á eftir enda hlustar hann mikið á íslenskt þungarokk.**

**SAMFÉLAG** „Við fáum margar fyrirspurnir sem hægt er að verða við og aðrar sem ómögulegt er að gera. Þessi beiðni var svo sjálfsögð að þetta var minna en ekkert mál og nærði bæði hjarta og sál,“ segir Stefán Jakobsson, söngvari þungarokkshljómsveitarinnar Dimmu sem hélt einkatónleika fyrir Ólaf Karl Óskarsson, átta ára aðdáanda í Sjallanum á föstudag.

Ólafur Karl hlustar mikið á íslenskt þungarokk og er með Dimmu og Skálmöld yfirleitt í eyrunum. Ólafur er með Vacterl-heilkenni og hafði aldrei farið á tónleika.

Þegar frænka hans sendi hljómsveitinni fyrirspurn um hvenær hljómsveitin ætlaði að halda tónleika fyrir alla aldurshópa var svarið að þeir væru ekki á næstunni. „Það er alltaf á dagskrá að halda slíka tónleika en það er erfitt í framkvæmd. Við vorum að spila á Akureyri þar sem Ólafur á heima. Bubbi Morthens átti að vera með okkur en þurfti að sitja heima vegna veikinda. Frænka hans hafði sagt okkur sögu Ólafs og fyrst Bubbi var frá þurftum við að æfa nokkur lög og tókum því volduga hljóðprufu og buðum guttanum. Þau komu og skemmtu sér held ég mjög vel. Við spiluðum sex lög fyrir hann og spjölluðum svo við hann á eftir. Hann var aðeins feiminn fyrst en lék svo á als oddi,“ segir Stefán en Dimma gaf guttanum nokkrar gjafir á eftir. „Tónleikarnir fyrir hann voru litlir fyrir okkur en gerðu mikið fyrir hann og það er gott að geta glatt unga aðdáendur.“

Ásrún Hersteinsdóttir, móðir Ólafs, segir hann hafa verið mikinn aðdáanda Dimmu fyrir en nú sé hljómsveitin númer eitt. „Hann er alsæll og líkti þessari upplifun að hitta Lionel Messi. Þetta var algjört æði og frábært framtak hjá Dimmu. Ólafur hlustar mikið á íslenskt þungarokk og ég hef ekki tölu á því hvað hann hefur horft oft á Skálmöld og Sinfó á DVD-disknum. Hann sofnar stundum yfir þungarokki á DVD,“ segir hún og hlær.

„Hann er með Vacterl-heilkenni sem er fjölþættur fæðingargalli og ígrætt nýra. Í veikindunum hefur þungarokkið hjálpað honum, ekki spurning.“

benediktboas@frettabladid.is



Birgir Jónsson, Silli Geirdal, Ólafur og pabbi hans Óskar Árnason, Stefán Jakobsson og Ingó Geirdal. MYND/BRYNJA HERBORG

> Ólafur hlustar mikið á íslenskt þungarokk og ég hef ekki tölu á því hvað hann hefur horft oft á Skálmöld og Sinfó á DVD-disknum. Hann sofnar stundum yfir þungarokki á DVD.

Ásrún Hersteinsdóttir, móðir Ólafs Karls



Stefán Jakobsson

# Yfirvöld í Tyrklandi þrengja enn frekar að málfrelsi í landinu

**TYRKLAND** Yfirvöld í Tyrklandi hafa handtekið ritstjóra og blaðamenn á dagblaðinu Cumhuriyet, sem er eitt fárra dagblaða stjórnarandstöðunnar sem enn er gefið út þar í landi.

Daginn áður voru tíu þúsund opinberir embættismenn reknir á einu bretti, allir grunaðir um tengsl við Gülenista-samtökin sem tyrkneskir ráðamenn telja bera ábyrgð á tilraun til stjórnarbyltingar í júlí.

Síðan í sumar hafa meira en 40 þúsund manns verið handteknir og að minnsta kosti hundrað þúsund reknir í Tyrklandi, grunaðir um tengsl við Gülenista-samtökin. Meðal hinna handteknu og reknu eru fjölmargir dómarar, hermenn, lögreglumenn og kennarar.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa harðlega gagnrýnt handtökur blaðamanna og lokanir fjölmiðla í Tyrklandi. Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, sagði tyrknesk stjórnvöld með þessu hafa farið yfir enn eina „rauðu línuna“ gegn tjáningarfrelsi.

Binali Yildirim forsætisráðherra sagðist ekkert mark taka á aðfinnslum Evrópusambandsins.

„Okkur varðar ekkert um rauðu línuna ykkar. Það er þjóðin sem dregur rauðu línuna,“ sagði hann. „Tyrkland fær völd sín frá þjóðinni og yrði dregið til ábyrgðar af þjóðinni.“




Fjöldi fólks mótmælti í gær handtöku ritstjóra Cumhuriyet, sem er eitt fárra dagblaða stjórnarandstöðunnar sem enn er gefið út í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Okkur varðar ekkert um rauðu línuna ykkar. Það er þjóðin sem dregur rauðu línuna.
>
> Binali Yildirim forsætisráðherra

Eftir byltingartilraunina í júlí lýsti Recep Tayyip Erdogan forseti yfir neyðarástandi, sem veitir stjórnvöldum víðtækar heimildir til aðgerða gegn hverjum þeim sem grunaður er um tengsl við byltingarmennina. Í síðasta mánuði var þetta neyðarástand framlengt um níutíu daga til viðbótar. **– gb**



Innköllunarskylda ríkisins á kvóta hefst á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Síðasti markaðurinn einnig sá stærsti

**LANDBÚNAÐUR** Síðasti markaður með greiðslumark mjólkur varð jafnframt sá stærsti frá upphafi. Alls var 2,7 milljóna lítra kvóti keyptur fyrir tæplega 555 milljónir króna. Síðasti uppboðsmarkaður fór fram í september en þá voru 1,6 milljónir lítra keyptar fyrir 390 milljónir.

Athygli vekur að 69 buðu fram sölu á greiðslumarki. Til viðbótar við þær 2,7 milljónir lítra sem seldust var 3,2 milljóna lítra greiðslumark sem seldist ekki.

**2,7**

**milljóna lítra kvóti var keyptur á 555 milljónir króna.**

Samkvæmt breytingum á búvörulögum tekur við innlausnarskylda ríkisins á greiðslumarki á næstu þremur árum. Miðað er við að innlausnarverðið á komandi ári verði 140 krónur á hvern lítra. Það lækkar niður í 111 krónur á lítra árið 2018. **– jóe**

# Biðin rekur fólk á bráðadeild

**Af þeim 85.000 sem leita á bráðadeild LSH í Fossvogi gætu ellefu til þrettán þúsund fengið úrlausn sinna mála hjá heilsugæslunni. Flestir þeirra fá ekki tíma á heilsugæslunni sem hentar. Veldur töfum og auknu**

**HEILBRIGÐISMÁL** Af þeim um 85.000 einstaklingum sem leituðu til bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi hefðu allt að 13.000 þeirra í raun átt að leita til heilsugæslunnar til að leita úrlausnar vegna heilsuvanda síns. Komum á bráðamóttökuna fjölgar ár frá ári sem skýrist að hluta af fjölgun ferðamanna.

Bráðamóttakan er hugsuð fyrir þá sem þurfa að leita sér aðstoðar vegna bráðra veikinda eða slysa og geta ekki beðið úrlausnar heilsugæslu eða á læknavakt.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs, segir að tvisvar á fimm ára tímabili hafi komur á bráðadeildina í Fossvogi verið greindar með tilliti til þessa og útkoman hafi verið sú sama í bæði skiptin. Verkferillinn er þannig að hjúkrunarfræðingur í móttöku forgangsraðar sjúklingum eftir því hversu slasaðir eða veikir þeir eru, um er að ræða fimm flokka kerfi. Margir sem flokkast í fjórða flokk, og allir í þeim fimmta, eru taldir geta beðið á meðan alvarlegri tilfellum er sinnt og í því ljósi fengið lausn sinna mála hjá heilsugæslunni.

Guðlaug Rakel telur að undirliggjandi ástæða þessa sé sú að það vanti skýran vegvísi um kerfið – hvert beri að leita í það og það skiptið. „Það sem fólk segir sjálft við komuna til okkar er að það fái ekki tíma í heilsugæslunni fyrr en eftir langan tíma, eða aðgengið að þjónustunni henti ekki,“ segir Guðlaug Rakel en bætir við að unnið sé með heilsugæslunni við að vísa fólki af bráðamóttökunni þangað – og hefur gengið ágætlega. „Ef á að halda uppi vissu þjónustustigi, og það viljum við held ég öll, þá gengur ekki að biðtíminn hlaupi á nokkrum dögum. Ég held að meirihluti þessa hóps sem um ræðir komi til okkar vegna þessa. Kannski þarf breytingar á þjónustustiginu í heilsugæslunni til að laga þetta.“



Á bráðadeild LSH leituðu yfir 5.000 manns í september – yfir 800 hefðu getað leitað aðstoðar á heilsugæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**20.000**

**krónur má gróflega áætla að kostnaður við hverja komu sjúklings sem gæti farið á heilsugæslu sé að lágmarki - eða 360 milljónir króna á ári.**

Spurð um þýðingu þessa fyrir daglegan rekstur bráðadeildarinnar svarar Guðlaug Rakel því til að enginn megi halda að hann sé óvelkominn á bráðadeildina. Hins vegar taki þetta vissulega tíma starfsfólks, þó þessi hópur sjúklinga hafi yfirleitt stuttan meðferðartíma – þó upplifun fólks sé oft að biðtíminn sé langur. Það skýrist þó af eðli starfs deildarinnar að huga fyrst að þeim sem frekast þurfa að því að halda. Eins sé það eðlileg hugsun þegar veikindi knýja dyra að leita strax þangað sem líklegast sé að fá úrlausn sinna mála, og fyrir hvern og einn sé erfitt að meta hvort veikindi séu alvarleg eða ekki.

**svavar@frettabladid.is**




*„Bráðskemmtileg og mjög lifandi frásögn.“* Egill Helgason / Kiljan

**1. Metsölulisti Eymundsson** Ævisögur vika 42

*„Vigdís og Sigríður sjarmera mann alveg í gegnum þessa bók …“* Egill Helgason / Kiljan

*„Ofboðslega heillandi … sjarmeraði mig alveg upp úr skónum …“* Sunna Dís Másdóttir / Kiljan

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# DRAUMABÍLLINN ER Í KAUPTÚNI

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk.
Á götuna 5.13 Ekinn 74.000 km.
Verð 8.350.000,-
Rn. 990624

BNB



Toyota Auris Live
Dísel Beinsk.
Á götuna 4.16 Ekinn 25.000 km.
Verð 2.930.000,-
Rn. 990553

BNB



Toyota Corolla Active
Dísel Beinsk.
Á götuna 4.16 Ekinn 15.000 km.
Verð 3.420.000,-
Rn. 990570

BNB



Toyota Auris Live
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 10.14 Ekinn 14.000 km.
Verð 2.990.000,-
Rn. 182547

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk.
Á götuna 6.13 Ekinn 85.000 km.
Verð 8.660.000,-
Rn. 990651

BNB



Toyota Yaris Active Hybrid
Bensín Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 5.16 Ekinn 1.900 km.
Verð 2.870.000,-
Rn. 990670

BNB



Lexus NX300 EXE Hybrid sóllúga
Bensín Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 2.16 Ekinn 10.000 km.
Verð 8.850.000,-
Rn. 990493

BNB



Toyota Rav4 GX Plus
Bensín Sjálsk.
Á götuna 12.14 Ekinn 56.000 km.
Verð 4.590.000,-
Rn. 990595

BNB



Toyota Rav4 GX Hybrid
Bensín Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 2.16 Ekinn 15.000 km.
Verð 5.370.000,-
Rn. 990674

BNB



Toyota Yaris Active
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 6.16 Ekinn 29.000 km.
Verð 2.380.000,-
Rn. 990635

BNB



Lexus IS 300 F-Sport Hybrid
Bensín Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 11.15 Ekinn 12.000 km.
Verð 7.250.000,-
Rn 990309

BNB



Toyota Auris Terra
Bensín Beinsk.
Á götuna 5.12 Ekinn 100.000 km.
Verð 1.850.000,-
Rn. 990623

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

# Vinnustaðir fóðri fugla

**DÝR** Fuglavernd hvetur fólk til að fóðra fugla við vinnustaði. Það er áhugavert og fróðlegt fyrir vinnufélaga að fylgjast með fuglum. Bendir félagið á að það dragi úr matarsóun að nýta ýmsa afganga sem fuglafóður. Í mötuneytum vinnustaða falli oft til ýmislegt sem má nota til þess að fóðra fugla í stað þess að henda í ruslið. Til dæmis brauðendar, eplakjarnar, perukjarnar, fita og kjötafgangar. Svo má einnig kaupa ýmiss konar fóður fyrir fugla, bæði hjá Fuglavernd og annars staðar. – jhh









## Lausir úr prísundinni



Kambódísku sjómennirnir Nhem Sosan og Kim Keom Hen eru meðal 26 sjómanna sem losnuðu úr þrælaánauð. Sómalískir sjóræningar höfðu þá í haldi en létu lausa eftir að lausnargjald var greitt frá Kína, Filippseyjum og Taívan. Hér snæða þeir fyrir blaðamannafund þar sem þeir sögðu frá reynslunni FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íraksher kominn inn í úthverfi Mosúlborgar

**Tugir þúsunda hafa flúið frá nágrannabyggðum Mosúl síðan sóknin hófst fyrir rúmri viku. Bandaríkjaher sagður hafa orðið átta manna fjölskyldu að bana með loftárás á heimili hennar. Á meðal þeirra sem fórust voru átta börn.**

**ÍRAK** Írakskar hersveitir eru komnar inn í úthverfi borgarinnar Mosúl, rúmri viku eftir að sókn stjórnarhersins og Kúrdasveita hófst til að ná borginni úr höndum vígasveita Íslamska ríkisins, eða Daish-samtakanna.

Fjölmiðlar skýrðu frá þessu í gærmorgun og sögðu innrásarliðið mæta harðri mótstöðu.

Haider al Abadi, forsætisráðherra Íraks, ræddi við fjölmiðla í gær og sagðist skora á Daish að gefast upp: „Þeir hafa ekkert val. Annaðhvort gefast þeir upp eða deyja,“ sagði hann.

Mosúl er síðasta stóra borgin sem Daish-samtökin ráða enn yfir í Írak, en þau náðu henni á sitt vald sumarið 2014.

Íraksher var í gærmorgun kominn með herlið inn í Gogjali-hverfi, sem er eitt af úthverfunum austan til í Mosúlborg. Löng leið er samt enn eftir inn í miðborgina og búast má við hörðum átökum með miklu mannfalli.

Fjölþjóðaherlið undir forystu Bandaríkjahers hefur aðstoðað innrásarliðið, meðal annars með loftárásum.



Vopnaðir sjíamúslimar söfnuðust saman í bænum Zarka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Breska blaðið The Guardian skýrði í gær frá því að heil fjölskylda hafi látið lífið í loftárás bandaríska hersins á heimili hennar í þorpinu Fadilíja skammt frá Mosúl.

Íbúðarhús fjölskyldunnar varð tvisvar fyrir sprengju og gjöreyðilagðist þannig að vart stendur steinn yfir steini, bókstaflega. Að sögn The Guardian þeyttust brot úr húsinu og sprengjunum allt að þrjú hundruð metra. Þar létu átta manns úr sömu fjölskyldunni lífið, þar af þrjú börn.

Nokkur hundruð fjölskyldur búa í þessu þorpi og er fullyrt að þær verði fluttar burt til flóttamannabúða.

gudsteinn@frettabladid.is




Miðvikudaginn 2. nóvember verður vinkvennastemning í Garðheimum. Þá fara Garðheimar í sinn sparilegasta búning og fagna aðdraganda jólanna með öllum vinkonum sínum. Notaleg og skemmtileg stemning verður allsráðandi um kvöldið sem byrjar með dásamlegum vinkvennamatseðli (2 fyrir 1) á Spírunni milli kl 17 og 19. Formleg dagskrá hefst kl 19:00 þegar Gói tekur við stjórninni og leiðir okkur í gegnum kvöldið með sinni smitandi gleði og gríni. Þá fáum við að fylgjast með stílistum, hönnuðum og blómaskreytum gefa okkur fjölda skemmtilegra hugmynda til að fegra heimilið.

## MIÐVIKUDAGINN 2. NÓVEMBER FRÁ 19:00 TIL 21:00

» Gourmet matvörukynningar frá **Nicolas Vahe og Stonewall Kitchen**

» Glæsileg tískusýning frá **Momo Konum**

» **Gevalia** kaffi, **Malt og Appelsín** og **Floridana** safi í boði **Ölgerðarinnar**.

» Jólalakkrís frá **Johan Bulow**, Jólakonfekt frá **Quality Street** og nýjungar frá **Nóa Sirius**

» **Hafliði Ragnars** kynnir sitt himneska súkkulaði.

» Íslenskir hönnuðir kynna nýjungar í sínum línum: **Sveinbjörg, Ihanna og Hekla**

» Sýnikennsla í gerð jólaskreytinga, léttar veitingar o.f.l.



KYNNIR KVÖLDSINS - GÓI



HAFLIÐI RAGNARS - SÚKKULAÐIMEISTARI

## LUKKUPOTTURINN

Glæsilegir vinningar dregnir út allt kvöldið - svo sem:

» Gjafabréf fyrir tvo í jólabrunch á **Grand Hotel**

» Gjafabréf fyrir tvo á jólahlaðborð á veitingastaðnum **Haust**

» Gjafabréf frá **Momo Konum**

» Aðgangur fyrir tvo í LAUGARSPA

» Óvæntir glaðningar frá **Garðheimum**

## BJÓDDU VINKONU ÞINNI MEÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ OKKUR!

**Frá 17 til 19 verður 2 fyrir 1 tilboð**
af sérstökum vinkvennamatseðli á Spírunni

Val um:

» Caesar salat með kjúklingi, stökku beikoni, heimalöguðum brauðteningum, parmesan og Caesar dressingu.

» Salat með confit önd, sýrðum laukum, perum, ristuðum valhnetum og vinaigrette dressingu

» Gulrótar- og engifersúpa með nýbökuðu brauði og hummus fylgir með báðum réttum

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Þessi ákvörðun er fáránleg, gjörsamlega. Hvort sem ég er í forsvari fyrir sjómenn eða bara sem Íslendingur er mér misboðið. Við ætluðum að reyna að ná einhverju samkomulagi og sátt um að vera hóflegir í launahækkunum en svo koma æðstu embættismenn sem predika yfir okkur og gefa okkur puttann.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands



Þegar ég sá þetta fyrst þá varð ég orðlaus. Ég hélt að þetta væri einhver brandari og var lengi að melta þessi tíðindi. Þetta er í alla staði siðlaust og ógeðslegt. Ég vil að ASÍ taki SALEK-samkomulagið og brenni það á báli á Austurvelli. Undir þessari ákvörðun er ekki hægt að sitja og verkalýðshreyfingunni ber skylda til að segja upp samningum.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður verkalýðsfélagsins Framsýnar á Húsavík



Það er ekki hægt að segja annað en þegar maður er kýldur í magann þá fer maður í keng. Þessi ákvörðun er alveg makalaus og þá er ég sérstaklega að horfa til hræsninnar í þeim aðilum sem eru að fá þessi laun. Þingmenn hafa talað um stöðugleika, að verðbólga verði að fara niður o.s.frv. en síðan kemur í ljós að þessi hópur er að fá miklu hærri laun en aðrir í þessu þjóðfélagi.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi



Það að laun ráðamanna hækki langt umfram þær línur sem lagðar hafa verið varðandi kjaraþróun í landinu – í nafni stöðugleika, er bæði óréttlátt og rangt – og má ekki standa. Ég vona að allir geri sér grein fyrir alvarleika málsins og hvað er í húfi. Í mínum huga er samstarf stjórnvalda og verkalýðshreyfingar um þróun kjaramála í fullkomnu uppnámi ef ekkert verður að gert. Þá er stöðugleiki úr sögunni og allir tapa. Það er augljóst mál.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í bréfi til allra alþingismanna

# Skýlaus krafa að hafna hækkunum kjararáðs

**Verkalýðsfélög og hagsmunasamtök gagnrýna harðlega ákvörðun kjararáðs um hækkun launa til æðstu embættismanna. Krafist er að ákvörðunin verði tekin til baka annars sé stöðugleikanum ógnað og upplausn ríki í þjóðfélaginu.**

KJARAMÁL



Benedikt Bóas
benediktboas@365.is

ASÍ kom saman til skyndifundar vegna ákvörðunar kjararáðs um að hækka laun æðstu embættismanna. Ákvörðunin um launahækkunina til æðstu embættismanna fór vægast sagt illa í aðila vinnumarkaðsins og almenning í landinu. Flest öll hagsmunasamtök sendu frá sér yfirlýsingu og ályktun, eins og kennarar, lögreglumenn, BSRB, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð og svona mætti lengi telja.

Í minnisblaði fundar ASÍ kemur fram að hækkanirnar komi til viðbótar við 7,2 prósenta launahækkun sem kjararáð úrskurðaði þann 1. júní sl. sem þýðir að þingfararkaup hefur síðastliðið ár hækkað um 55 prósent, laun ráðherra um 46 prósent og forseta Íslands um 29 prósent.

ASÍ skoðaði einnig launaþróun þessa hóps frá því í mars 2013, til samræmis við SALEK-samkomulagið sem byggði á sameiginlegri launastefnu um 32 prósenta hækkun launa á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Þar má sjá að þingfararkaup hefur frá árinu 2013 hækkað um 471.000 krónur eða um 75 prósent, laun forsætisráðherra hafa hækkað um 790.733 krónur, eða 64 prósent og laun annarra ráðherra um 713.667 krónur sem einnig er 64 prósenta hækkun.

Mánaðarlaun forseta Íslands hafa á sama tímabili hækkað um 936.771 krónu eða 46 prósent. Til samanburðar hefur launavísitalan, sem gefur mynd af almennri launaþróun, hækkað um 29 prósent frá því í mars 2013 og lægstu laun um 27 prósent.

„Undanfarið ár hefur verið unnið að því að skapa sátt á vinnumarkaði og leggja þannig grunn að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Flestir stjórnmálaleiðtogar á Alþingi Íslendinga hafa tekið undir þá ábyrgu sýn sem felst í breyttum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og ítrekuðu hana m.a. í stjórnmálaumræðum á nýafstöðnu þingi ASÍ,“ segir meðal annars í ályktun fundarins.

„Úrskurður kjararáðs gengur þvert á þessa orðræðu og brýtur alvarlega gegn öllum skynsemisrökum. Það er ekkert réttlæti í því að laun þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna hækki um allt að 75 prósent á þremur árum á sama tíma og almenn laun í landinu hafa hækkað um 29 prósent.

Ef nýkjörið Alþingi vill halda áfram samtali um stöðugleika og sátt á vinnumarkaði verður þingið að koma saman nú þegar og draga þessar hækkanir til baka. Að öðrum kosti verður óstöðugleiki og upplausn á vinnumarkaði í boði Alþingis,“ segir enn fremur.

Fleiri hörmuðu ákvörðun kjararáðsins. Öryrkjabandalag Íslands skorar í harðorðri yfirlýsingu á nýja ríkisstjórn og nýkjörna þingmenn að hafna hækkuninni.

„Ótrúleg hækkun skýtur skökku við á meðan hópur fólks í landinu býr við fátækt, börn líða skort og fatlað fólk er fast heima hjá sér og hefur ekki tækifæri til samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Ákvörðunin hefur vakið sterk viðbrögð og reiði á meðal fjölda örorkulífeyrisþega.“

Þá krafðist stjórn VR að ákvörðun kjararáðs verði tafarlaust dregin til baka, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð sögðu að ákvörðunin stuðli að upplausn á vinnumarkaði og Landssamband lögreglumanna lýsti einnig furðu sinni og vanþóknun á úrskurði og vinnubrögðum kjararáðsins.



**Samninganefnd ASÍ áréttar að kjararáð sé á ábyrgð Alþingis og ríkisstjórnar. Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags, segir fólki misboðið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## Kjararáð svarar engu og hunsar beiðni um gögn

**KJARARÁÐ** Engin efnisleg svör hafa borist frá kjararáði við bréfi Fréttablaðsins frá því 13. júlí í sumar þar sem óskað var eftir gögnum sem kjararáð aflaði sér og byggði á varðandi ákvarðanir sínar á árinu 2016.

Fréttablaðið óskaði eftir því við Jónas Þór Guðmundsson, formann kjararáðs, að fá afrit af gögnum „í formi skýrslna, munnlegra og skriflegra, af starfsmönnum og launagreiðendum þeirra sem heyra undir kjararáð“ vegna allra úrskurða ráðsins á árinu.

„Vegna sumarleyfa verður ekki unnt að taka afstöðu til beiðninnar fyrr en að þeim loknum,“ segir í svari sem barst frá skrifstofu kjararáðs 20. júlí. Síðan hefur ekkert heyrst frá kjararáði þrátt fyrir margítrekaðan tölvupóst og símhringingar.

Í sumar spurðist Fréttablaðið fyrir um það hjá Alþingi, forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og hjá kjararáði sjálfu hvort þar væri unnið að endurskoðun launa þingmanna og ráðherra og hvort til væru einhver skjalfest samskipti um það frá því næstu átján mánuðina þar á undan. Forsætisráðuneyti og Alþingi sögðu ekki svo vera en ekki barst lokasvar frá fjármálaráðuneytinu.

Í frétt blaðsins 5. ágúst kom fram að formaður kjararáðs segðist ekki mundu tjá sig um þessa spurningu. Má því segja að leynd hafi hvílt yfir þessu verki. **– gar**



**Jónas Þór Guðmundsson, formaður kjararáðs.**



**Hulda Árnadóttir, meðlimur kjararáðs.**



**Óskar Bergsson, meðlimur kjararáðs.**



**Svanhildur Kaaber, meðlimur kjararáðs.**



**Viljálmur H. Vilhjálmsson, meðlimur kjararáðs.**



# DEBENHAMS

## GERÐU GÓÐ KAUP

Á SPRENGIDÖGUM

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI, FYLGIHLUTUM & GJAFAVÖRUM

Gildir út sunnudag

KONUR • HERRAR • BÖRN

## BARA Í DAG!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

## OFURTILBOÐ 40% AFSLÁTTUR



nine SAVANNAH MILLER

**40%** afsláttur af dömu undirfötum frá Debenhams hönnuðum.



JASPER J CONRAN

**40%** afsláttur af kjólum frá Debenhams hönnuðum.



JASPER J CONRAN

**40%** afsláttur af úrvali af náttsloppum fyrir dömur og herra.



bluezoo

**40%** afsláttur af úrvali af náttfötum fyrir börn.



redherring

**40%** afsláttur af öllum slám.



MAINE

**40%** afsláttur af úrvali af herrapeysum frá Maine.

Finndu okkur á facebook

OPIÐ TIL 24:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND

**Hækkanir á þingfararkaupi sem kjararáð færði okkur eru of háar.**



Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar

**Það að kjararáð þyki óhæft akkúrat núna til að ákveða laun þingmanna þýðir ekki að þingmenn séu sjálfir hæfari til þess en áður.**



Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati

**Ákvörðun kjararáðs um laun þingmanna eru úr öllum takti við veruleikann.**



Líf Magneudóttir borgarfulltrúi

**Þetta eru í raun og veru meingölluð vinnubrögð hjá ráðinu.**



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar

## Ný hækkun kjararáðs á launum þingmanna, ráðherra og forseta Íslands






# Fjöldi fyrrverandi þingmanna fær 44 prósent hærri eftirlaun

**Formaður Félags fyrrverandi alþingismanna segir „andstyggilegan svip“ á hækkun kjararáðs á launum þingmanna og ráðherra. Margir fyrrverandi þingmenn og ráðherrar fá samsvarandi hækkun á sín eftirlaun.**

KJARAMÁL



Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is

„Ég tel þetta fráleitt og að það eigi að taka það upp og endurskoða,“ segir Svavar Gestsson, formaður Félags fyrrverandi alþingismanna, um nýja ákvörðun kjararáðs varðandi laun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna.

Þeir sem gegndu fyrrnefndum störfum fram að lagabreytingu sem gerð var í apríl 2009 þiggja eftirlaun úr ríkissjóði sem miðast við laun eftirmanna þeirra. Þannig hækka til dæmis eftirlaun fyrrverandi þingmanna nú um 44 prósent ofan á eftirlaunin eins og þau voru orðin með sjö prósent hækkun sem kjararáð ákvað í júní. Eftirlaunin eru misjöfn eftir því hversu lengi viðkomandi gegndi þingmennsku.

Svavar segir að Alþingi geti einfaldlega breytt ákvörðun kjararáðs. „Alþingi ræður á Íslandi,“ svarar ráðherrann fyrrverandi aðspurður hvort það sé á valdi þingmanna að taka fram fyrir hendur kjararáðs.

„Það er auðvitað alveg óþolandi þegar svona stofnanir eru aftur og aftur að úrskurða launakjör alþingismanna – sem verða auðvitað að hafa laun – þannig að það verði allt vitlaust í þjóðfélaginu,“ segir Svavar og gagnrýnir tímasetninguna beint ofan í kjördag. „Það er svo andstyggilegur svipur yfir þessu að það bara gengur ekki – það er svo einfalt mál.“

Ekki fengust upplýsingar í gær frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um það hversu margir einstaklingar fái nú eftirlaun sem þingmenn og ráðherrar á grundvelli launa starfandi þingmanna og ráðherra. Heldur ekki um hvaða áhrif ákvörðun kjararáðs hefur á útgreiðslu til þessa hóps.

Á vefsíðu Alþingis kemur hins vegar fram að um 150 séu í Félagi fyrrverandi alþingismanna. Svavar Gestsson segir það ekki tæmandi tölu því ekki séu allir fyrrverandi þingmenn í félaginu auk þess sem inni í þeirri tölu sé enginn þeirra sem voru að hætta á þingi um helgina.

Svavar segir Félag fyrrverandi alþingismanna ekki munu tjá sig um ákvörðun kjararáðs. Félagið geri ekki annað en að fara í eitt ferðalag árlega. „Það er enginn sem getur gert neitt í þessu nema Alþingi,“ undirstrikar hann.

gar@frettabladid.is



Svavar Gestsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra með meiru, er formaður Félags fyrrverandi alþingismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hvað finnst þér um ákvörðun kjararáðs?

**Mér finnst þetta alveg hræðilegt. Það er búið að vera mikið um samninga við kjararáð um alls konar stéttir sem finnst þær ekki fá næga peninga og það að hækka launin sem nemur rúmlega launum venjulegs manns er bilun.**



Teitur Hinrichsen, 19 ára nemi í MR

**Það voru allir í skólanum að tala um þetta hvað þetta var fáránlegt. Meira að segja hófst kennsla ekki alveg á réttum tíma.**



Kolfinna Birkisdóttir, 18 ára nemi

**Ég skil vel þessa reiði og hvað þetta er fáránlegt því peningarnir hefðu getað verið nýttir í miklu betri hluti.**



Stefanía Þórhildur Hauksdóttir, 18 ára nemi



# Jafnvægið og innviðirnir



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Það er að bera í bakkafullan lækinn að ræða ákvörðun kjararáðs um laun stjórnmálamanna. Ákvörðunin og viðbrögðin við henni tala sínu máli og eru áminning um það hversu mikilvægt er að huga að jafnvægi þegar ákvarðanir eru teknar.

Á komandi kjörtímabili mun verða mikil þörf fyrir jafnvægiskúnstir til að halda sér á línu hagsældar og stöðugleika. Á sama tíma og svigrúm í hagkerfinu er uppurið, stöndum við frammi fyrir syndum fortíðar í uppbyggingu innviða.

Í dag kemur út skýrsla sem fjármálafyrirtækið Gamma hefur gert um fjárfestingu í innviðum og fjallað er um í Markaðnum sem fylgir blaðinu í dag. Skýrslan er afar áhugaverð og frábært innlegg í þarfa umræðu um nauðsynlega uppbyggingu innviða samfélagsins.

Fjárfestingar í innviðum eru einhver arðbærustu verkefni sem samfélög geta ráðist í. Innviðirnir styðja við aðra verðmætasköpun samfélagsins og skapa ný tækifæri til framtíðar. Hér er bæði átt við efnahagslega innviði og samfélagslega innviði.

Í skýrslu Gamma er sjónum beint að efnahagslegum innviðum svo sem samgöngum, orkuframleiðslu og flutningum og fjarskiptum. Fyrir liggur gríðarleg þörf fyrir að auka slíka fjárfestingu og er uppsöfnuð þörf ein og sér 230 milljarðar króna. Þar við bætist svo þörf á næstu árum til að fylgja eðlilegri uppbyggingu.

Við núverandi kringumstæður þarf ríkið á næstu árum að skila afgangi. Krónan styrkist og enn sem komið er eru engin teikn um veikingu hennar í bráð.

Á síðustu árum hafa erlendir sjóðir aukið mjög fjárfestingar í uppbyggingu innviða. Slík verkefni henta vel langtímafjárfestum. Um tíma var á teikniborðinu slíkur sjóður meðal nokkurra lífeyrissjóða, en ekki varð af stofnun hans.

Aðkoma fagfjárfesta að innviðaverkefnum er í senn æskileg og skynsamleg. Fram kemur í skýrslunni að fjárfestar gera ekki háa ávöxtunarkröfu þegar kemur að slíkum fjárfestingum og vextir eru sögulega lágir.

Ýmsar leiðir eru færar í því að einkaaðilar komi að slíkum fjárfestingum. Hvalfjarðargöngin eru dæmi um slíkt. Á Norðurlöndum hafa víða verið farnar blandaðar leiðir í fjármögnun innviðaverkefna með góðum árangri.

Til þess að skapa skilyrði fyrir slíkt þyrfti lagaumgjörð að vera skýr. Nærtækt er að horfa til Norðurlandanna í þeim efnum og skapa skynsamlega umgjörð utan um verkefni, þar sem fagfjárfestar taka áhættu af þeim í stað skattborgara. Fjölmörg verkefni falla vel að þessu. Nærtækast er að horfa á mikla fjárfestingarþörf flugstöðvarinnar og bráðnauðsynlegar fjárfestingar í flutningsneti orku. Ekki má heldur gleyma að slík verkefni krefjast undirbúnings og því þarf ný ríkisstjórn og þing þegar að skapa skynsamlegan lagaramma til að grípa tækifærin.

> **Á komandi kjörtímabili mun verða mikil þörf fyrir jafnvægiskúnstir til að halda sér á línu hagsældar og stöðugleika. Á sama tíma og svigrúm í hagkerfinu er uppurið, stöndum við frammi fyrir syndum fortíðar í uppbyggingu innviða.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Grúskað í fræðibókum**

**Spennunni eftir alþingiskosningarnar um síðustu helgi er hvergi nærri lokið. Núna liggur forsetinn undir feldi og metur hver stjórnmálaforingjanna sjö sem leiða flokka á Alþingi eigi að fá stjórnarmyndunarumboðið. Hann ræddi við formenn allra flokkanna á mánudag og í gær ræddi hann við þrjá. Seint í gær sást svo til forsetans á Þjóðarbókhlöðunni að grúska í skrifum um stjórnmál og lögfræði. Sennilegast til að undirbyggja ákvörðun sína um það hver á að fá boltann til sín.**

**Flott fordæmi**

**Kristján Guy Burgess, fráfarandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, sendi formanni flokksins uppsagnarbréf sitt í gær. Ákvörðunina rökstyður hann með lélegum árangri flokksins í síðustu kosningum. „Ég hafði alltaf miðað framtíð mína í starfi við árangur flokksins í kosningum og það var samkomulag um það við þá formenn sem ég hef starfað með,“ sagði hann á Facebook. Áður hafði Oddný G. Harðardóttir, fráfarandi formaður flokksins, yfirgefið póstinn sinn. Vonandi eru forystumenn Samfylkingarinnar að gefa tóninn fyrir það sem koma skal í stjórnmálum. Að menn átti sig á stöðu sinni þegar í óefni er komið og víki ef þeir telja að aðrir geti gert betur.** jonhakon@frettabladid.is

# Í lagi að vera ekki í lagi



Elva Tryggvadóttir

Klukkan er rúmlega ellefu að kvöldi til, íslenskt vetrarmyrkur umlykur bæinn, það ískrar í bárujárni sem blaktir í vindinum og regndropar berja á glugganum. Flestir eru á leið undir sæng þegar síminn pípir og ég lít á símann, það er útkall. Einhver er týndur og leit að hefjast, enginn veit hvort, hvar eða hvernig aðkoman verður, það hefur reynslan sýnt.

Starf í björgunarsveit er mjög gefandi en um leið krefjandi. Allan ársins hring, hvort sem er að degi eða nóttu, eru við björgunarsveitarfólk tilbúið að koma öðrum til aðstoðar. Menn og konur á öllum aldri fara í gegnum margra mánaða þjálfun, leggja í kaup á búnaði, verja tíma í ferðir og fjáraflanir til að vera tilbúin fyrir þig, tilbúin að leggja sitt fram til samfélagsins þegar á þarf að halda.

Umræða um mikilvægi sálræns stuðnings hefur aukist undanfarin ár á meðal viðbragðsaðila þ. á m. björgunarsveitarfólks, sem og í þjóðfélaginu almennt. Viðurkenning á að „það er í lagi að vera ekki í lagi“, það að koma að alvarlegum slysum, finna látinn einstakling, grafast í snjóflóði og svo framvegis í útkalli, getur haft áhrif á andlega líðan og það er í lagi að ræða það.

Það er því ekki nóg að vera þjálfaður í aðferðum, tækjum og tólum heldur þarf björgunarsveitarfólk, eins og aðrir viðbragðsaðilar, að vera viðbúið þeim andlegu áhrifum sem vinna í streitutengdu umhverfi hefur. Við þurfum að þekkja áhrif streitu, þekkja eigin mörk og kunna að virkja bjargráðin okkar. Við viljum hafa góðan tilfinningalegan aðbúnað fyrir okkur og félaga, við viljum vera í lagi fyrir þig, fyrir okkur og okkar fjölskyldur.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er því stolt að sameinast öðrum viðbragðsaðilum; Neyðarlínu, Landssambandi lögreglumanna, Ríkislögreglustjóra, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna, Landhelgisgæslu og Rauða krossi Íslands ásamt Háskólanum í Reykjavík og Sálfræðingunum Lynghálsi um ráðstefnuna „Sálrænn stuðningur við viðbragðsaðila í neyðarþjónustu“ á Hótel Nordica 2. til 4. nóvember næstkomandi. Ráðstefna sem skiptir okkur öll máli.

Mamma, hvert ertu að fara, er útkall, ertu að fara í leit, vonandi finnurðu hann …

> **Við þurfum að þekkja áhrif streitu, þekkja eigin mörk og kunna að virkja bjargráðin okkar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Heilsugæslan og sérnámshjúkrunarfræðingar



**Sigríður Sía Jónsdóttir**
lektor í heilsugæsluhjúkrun við Háskólann á Akureyri og doktorsnemi við Linnéuniversitetet í Kalmar / Växjö í Svíþjóð

Það þýðir ekkert að hringja í heilsugæsluna; ég fæ aldrei tíma hjá heimilislækninum mínum fyrr en eftir margar vikur.“ Svona yfirlýsing er kunnugleg hér á landi. Staðreyndin er sú að hér hefur stefnan í heilbrigðismálum verið ómarkviss og hlutverk heilsugæslunnar, sem og allra heilbrigðisstofnana í landinu, illa skilgreind.

Drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2022 eru hins vegar í farvatninu eins og sjá má á vef velferðarráðuneytisins. Í stefnunni koma m.a. fram markmið um að „allir eigi greiðan aðgang að sinni heilsugæslustöð og fái tíma hjá heimilislækni innan fimm daga ef þörf krefur“. Einnig kemur fram að „sérstaklega verði hugað að menntun og það gert eftirsóknarvert að leggja fyrir sig heimilislækningar, heilsugæsluhjúkrun og aðra viðbótarmenntun heilbrigðisstarfsmanna sem nú nýtist einkum innan heilsugæslunnar“.

### Sérnámsmenntun

Við Háskólann á Akureyri (HA) er í boði sérnám í heilsugæsluhjúkrun fyrir hjúkrunarfræðinga sem nú þegar starfa innan heilsugæslunnar. Námið, sem hleypt var af stokkunum árið 2015, er samvinnuverkefni HA, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) og heilbrigðisráðuneytisins og varð að veruleika með þeirri ákvörðun núverandi heilbrigðisráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar, að leggja til eins árs launaðar námsstöður fyrir hjúkrunarfræðinga á sömu nótum og í sérnámi fyrir heimilislækna. Síðastliðið vor luku fimm hjúkrunarfræðingar frá HH sérnáminu.

Í haust var brotið blað í þróun í heilsugæslu þegar hjúkrunarfræðingar af þremur heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins voru meðal þeirra tíu sem hófu nám. Markmiðið með náminu er m.a. að sérnámshjúkrunarfræðingurinn styrkist í klínískri vinnu sinni innan heilsugæslunnar og sem sjálfstæður meðferðaraðili í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu. Hjúkrunarfræðingarnir hafa val um að ljúka eins árs sérnámi eða halda áfram og ljúka meistaragráðu í heilsugæsluhjúkrun.

### Teymisvinna framtíðin

Í viðtali við Birgi Jakobsson landlækni í Speglinum á Rás 1, 23. september síðastliðinn, kemur fram að heilsugæslulæknar séu álíka margir hér og annars staðar á Norðurlöndunum. Jafnframt að biðin hér eftir tíma hjá heimilislækni sé lengri en þar. Landlæknir segist ekki hafa skýringu á reiðum höndum en spurning sé hvort við séum „að nota þá lækna sem við höfum á réttan hátt og aðrar heilbrigðisstéttir innan heilsugæslunnar á réttan hátt“. Hann segir jafnframt að ef setja eigi meiri fjármuni í heilbrigðiskerfið án þess að marka skýra stefnu megi jafnvel lýsa því þannig að verið sé að „henda peningum út í sjó“.

Þó að skýring á stöðu mála í heilsugæslu Íslendinga í dag sé ekki ljós er augljóst að fram undan eru tækifæri. Á fáeinum stöðum á landinu er teymisvinna nýtt innan heilsugæslunnar en í drögum að heilbrigðisstefnu til 2022 er kveðið svo sterkt að orði að teymisvinna á að fara fram á milli heilbrigðisstétta heilsugæslunnar. Teymisvinnan byggist á því að tvær eða fleiri fagstéttir vinni saman að því að veita einstaklingunum sem þangað leita þjónustu. Starfsstéttirnar fullnýta þá sérfræðiþekkingu sína og koma sér saman um verkaskipti með verklagsreglum.

Framtíðin mun því líta út nokkurn veginn svona: Tími á heilsugæslustöð byrjar á því að einstaklingur hittir hjúkrunarfræðing sem er sérfræðingur í heilbrigðisráðgjöf og því að meta hvað teljast eðlileg frávik í heilsu. Hann metur heilsufarsvandann, skoðar og skráir upplýsingarnar sem einstaklingurinn gefur sem og einkenni. Hann sér síðan um fyrstu greiningarpróf svo sem að mæla blóðþrýsting og þyngd, og taka hjartalínurit, blóðprufur og sýklapróf við hálsbólgu.

Ef hjúkrunarfræðingurinn metur sem svo að á ferðinni sé vandamál sem þarfnist sérfræðiþekkingar læknis fær einstaklingurinn tíma hjá lækni. Læknirinn nýtir sérþekkingu sína og greinir sjúkdóma og ákveður meðferð. Ef um langvinna sjúkdóma er að ræða fer svo eftirlit með meðferð fram hjá t.d. hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi, sjúkraþjálfara, sálfræðingi eða iðjuþjálfa. Teymið fundar reglulega og fer yfir það hvernig meðferð gengur. Sjúklingurinn þarf því ekki að hitta lækni nema meðferð bregðist, alvarlegir aukakvillar komi fram eða nýir sjúkdómar greinist. Við megum því horfa full bjartsýni á nýja tíma og aðgengi að heilsugæslu mun stórbatna.



# Íslenska



**Eygló Hlín Guðlaugsdóttir**
heimspekinemi í HÍ

**Persónulega þá hjálpar enskukunnátta mín mér að sjá fegurð eigin móðurmáls.**

Í mér óx þjóðarstolt á 10 vikna sólóferðalagi mínu í sumar. Af áhuga fólksins sem ég kynntist á ferðum mínum urðu mínar eigin rætur mér kærari. Á hverjum áfangastað var ég spurð um mitt heimaland, fólk vildi heyra hvað væri öðruvísi á minni litlu eyju. Af vana hóf ég máls á íslenskri náttúru, eins og flest allir Íslendingar er ég mjög stolt af henni. Hins vegar þegar leið á samræður og ég yfirfór landið sjálft og menninguna þá gat ég ekki sleppt því að tala um tungumálið.

Ég byrjaði þá að þýða nokkur orð úr ensku yfir á íslensku og voru viðbrögðin framar væntingum. Meðal fjölda orðanna var ákveðin uppgötvun þegar ég tók orðið göngustígur. Bein þýðing göngustígs yfir á ensku er walktrail, en í ensku er notað orðið sidewalk, sem merkir á íslensku hliðarganga. Þarna sá ég hvað tungumálið mitt endurspeglaði mína menningu. Ég gat ekki annað en séð að við setjum ekki fólk til hliðar eins og akandi sé í forgangi, heldur erum við gangandi í rétti í mínu samfélagi. Orðaforði okkar er skýr, lýsandi og gegnsær, svo sannarlega endurspeglar tungumálið það sem við viljum segja. Fólkið varð vart við þetta af þeim fjölmörgu orðum sem ég tók úr íslensku og þau höfðu orð á því hvað íslenska væri fallegt og skýrt tungumál.

Ísland er þekkt fyrir ósnortna náttúru og er tungumál okkar því ekki frábrugðið. En hér á landi liggur fyrir hörð barátta um okkar samfélag. Við erum stolt af aðlögunarhæfileika okkar á sama tíma og það hræðir okkur. Með árunum hefur ferðamönnum fjölgað töluvert, þar sem stór hluti Íslendinga talar reiprennandi ensku gerir það okkur bæði þægilegri áfangastað og vinsælli fyrir vikið. Enskukunnátta okkar er fremri öðrum löndum og afskaplega mikilvæg samfélaginu. Það gerir okkur auðveldara að ná til breiðari markaðs út fyrir landamærin, eins og á samskiptamiðlum og fleiru svo fátt sé nefnt. Svolítið af enskuslettum kemur upp hjá yngri kynslóðum en á meðan erum við afskaplega fljót að finna íslensk nýyrði.

Því meira sem við viljum laða að aðra menningarheima því oftar þurfum við að nýta okkur enskuna. Þetta er þvílíkt lúxusvandamál að við notum enskuna svona mikið í dag, en tilgangurinn er aðeins sá að ná til sem flestra. Ég tel það aðeins jákvæða þróun samfélags okkar, að við höldum áfram að aðlagast heiminum í heild, ferðumst og notum kunnáttu okkar frá öðrum menningarheimum til að gera okkar aðgengilegri. Við sem notum enskuna, sjáum tækifærin með von um að það sé „flestum til góðs og gleði“.

Það er ekki fyrr en í samanburði sem sönn fegurð sést að mínu mati. Persónulega þá hjálpar enskukunnátta mín mér að sjá fegurð eigin móðurmáls. Okkar land og tunga er einstök svo stolt þess heldur áfram niður kynslóðir svo lengi sem við fáum að lifa með opinn huga eins og við höfum gert hingað til. Íslenska er sannkölluð list að læra, lesa og forréttindi að kunna.



Íbúðalána sjóður
Leiguheimili eru byggð á lögum um almennar íbúðir.
Leiguheimili

SMÁRALIND 15

# VIÐ ERUM 15 ÁRA
# HÖLDUM Í GLEÐINA

**2.–6. NÓVEMBER**



**TIL LUKKU MEÐ DAGINN**
AFMÆLISHAPPDRÆTTI

Þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort frá Smáralind eða aðra glæsilega vinninga.

FJÖR OG **FRÁBÆR TILBOÐ** Í FIMM DAGA

# AFMÆLISHÁTÍÐ SMÁRALINDAR

## VIÐ BLÁSUM TIL VEISLU


Dans Brynju Péturs


Valdimar


Hildur

## SKEMMTUM OKKUR Í DAG

**KRISPY KREME LEIKURINN** - *sigurinn er sætur*

**ANDLITSMÁLNING** - *fyrir yngstu kynslóðina*

**SIRKUS ÍSLAND** - *hláturinn lengir lífið*

**DANS BRYNJU PÉTURS** - *hreyfir við öllum*

**VALDIMAR** - *ljúfasta röddin í bænum*

**HILDUR** - *hleypir lífi í liðið*

**SÆLKERASMAKK** - *ekkert smá gómsætt*

**LIFANDI TÓNLIST Á GÖNGUGÖTU** - *líf í tuskunum*

**SJÁÐU TILBOÐ OG DAGSKRÁ**

Í AFMÆLISBLAÐINU OG Á SMARALIND.IS

OPIÐ TIL **24** Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

## Hvor þeirra fær að spila með strákunum okkar í Höllinni í kvöld?




Erfitt val Geir Sveinsson, þjálfari íslenska liðsins, á eftir að velja varamarkvörð sinn fyrir leikinn á móti Tékkum í Laugardalshöll í kvöld. Geir tók markvörðinn Sveinbjörn Pétursson inn í æfingahópinn vegna meiðsla Arons Rafns Eðvarðssonar. Björgvin Páll Gústavsson verður aðalmarkvörður en nú stendur valið á milli Sveinbjörns og Grétars Ara Guðjónssonar sem sjást hér á æfingu liðsins í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Drengirnir þurfa að sanna sig

**Mikið breytt landslið Íslands hefur leik í undankeppni EM í kvöld. Þá mætir til leiks sterkt lið Tékklands sem vann Ísland síðast með ellefu marka mun. Arnór Atlason er jákvæður fyrir komandi leikjum.**

HANDBOLTI „Við eigum ekkert rosalega góðar minningar frá því að spila á móti þeim,“ segir landsliðsmaðurinn Arnór Atlason en hann verður væntanlega í stóru hlutverki í kvöld er íslenska landsliðið tekur á móti Tékkum í fyrsta leik sínum í undankeppni HM.

Þetta er fyrri leikurinn af tveimur hjá íslenska landsliðinu í þessari viku en þeir hendast svo beint upp í flugvél til Úkraínu. Þar tekur síðan við löng rútuferð á leikstað fyrir leik gegn heimamönnum á laugardag.

„Við töpuðum ansi illa á móti þeim á HM í Katar. Við höfum ekki mætt þessu liði mjög oft en við þekkjum þá vel. Þetta er gott lið sem er búið að endurheimta Filip Jicha og Pavel Horak þannig að liðið er þrælöflugt. Þetta er mjög verðugt verkefni,“ segir Arnór og svo er Martin Galia í markinu en hann hefur oft reynst íslenska liðinu óþægur ljár í þúfu.

### Notum tapið sem áminningu

„Hann er frábær markvörður og þetta eru allt saman hörkustrákar. Ég spilaði með tveimur af þessum strákum í Frakklandi í þrjú ár og þeir eru virkilega flottir handboltamenn.“

Leikurinn sem Arnór talar um í Katar fór 36-25 fyrir Tékka. Þá skoraði stórskyttan Jicha ellefu mörk fyrir Tékka og hann verður að stöðva í kvöld.

„Við notum þann leik sem áminningu frekar en eitthvað annað. Það er mikilvægt að byrja þessa undankeppni vel enda bara sex leikir í riðlinum. Við setjum auðvitað þá kröfu á okkur að vinna líka heimaleikina,“ segir Arnór en það mun væntanlega mæða mikið á honum í leikstjórnandastöðunni þar sem Snorri Steinn Guðjónsson hefur lagt landsliðsskóna á hilluna.




Arnór Atlason á æfingu liðsins í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Breytingar gerst hratt

Þar að auki er Alexander Petersson líka hættur, Ásgeir Örn Hallgrímsson meiddur og þeir Róbert Gunnarsson og Vignir Svavarsson voru ekki valdir í liðið að þessu sinni.

„Maður er allt í einu orðinn með þeim eldri í hópnum. Þetta gerðist fljótt. Ef við skoðum aftur á móti stöðuna frá því í sumar þá vantaði Alexander og Snorra, Guðjón Valur lék lítið, Vignir var meiddur þannig að breytingin frá því í sumar er ekkert svo mikil. Það sést samt að við vorum að missa risamenn en við höfum spilað án þeirra áður. Við höfum spilað saman áður og liðið er ekki alveg glænýtt þó svo við höfum verið að missa svona þúsund landsleiki út og það telur auðvitað þegar út í alvöruna er komið,“ segir Arnór og vill augljóslega einblína á hið jákvæða og horfa fram á veginn.

„Við eldri mennirnir í hópnum tökum vel á móti ungu strákunum. Okkar verkefni er að halda þeirri hefð áfram sem hefur verið í landsliðinu. Það á að vera risamál fyrir þá að komast í íslenska landsliðið. Okkar eldri er að kenna þeim um hvað það snýst að spila fyrir íslenska landsliðið. Það á að vera það stærsta sem maður gerir. Þar gefur maður allt í þetta og hefur gaman af því. Maður þarf að spila af stolti. Við þurfum líka að kenna þeim hugarfarið sem hefur verið í liðinu. Ungu drengirnir þurfa núna að sanna sig. Það er ekkert komið með því að vera valinn í hópinn.“

### Sakna vina minna

Það er auðvitað stórmál þegar lykilmenn úr gullkynslóð landsliðsins detta út hver á fætur öðrum og margar þjóðir hafa átt erfitt með að fóta sig þegar þarf að stokka upp sigursæl lið.

„Það er engin spurning að við erum að missa burðarása úr liðinu. Það er eðlilegur gangur að menn detti út og nýir komi inn. Svo hefur Dagur sýnt með Þýskalandi hvað er hægt að gera. Margir hafa rekið upp stór augu yfir hans liðsvali en það hefur gengið ágætlega hjá honum. Ég vil fara rólega í að kalla þetta einhver kynslóðaskipti. Þetta er búið að vera í mótun. Auðvitað söknum við þessara stráka. Þetta eru allt vinir mínir sem ég hef spilað með í mörg ár en við vissum að það yrði ekki þannig að eilífu,“ segir Arnór en hefur hann eitthvað gert upp hug sinn um hvað hann ætlar að halda lengi áfram með landsliðinu?

„Eins lengi og ég hef heilsu til og finnst það skemmtilegt. Ég væri ekki hérna ef mér fyndist þetta ekki rosalega skemmtilegt. Þetta tekur orku og tíma en ég hef aldrei fundið ástæðu til að mæta ekki. Þetta er það gaman og ég get gert þetta. Ég hef enn metnað fyrir landsliðinu.“

henry@frettabladid.is

**Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni**

**A-riðill**

**Ludogorets - Arsenal 2-3**

1-0 Jonathan Cafu (12.), 2-0 Claudiu Keserü (15.), 2-1 Granit Xhaka (20.), 2-2 Oliver Giroud (41.), 2-3 Mesut Özil (87.).

**Basel - PSG 1-2**

Birkir Bjarnason lék allan leikinn fyrir Basel.

**Staðan:** Arsenal 10, PSG 10, Basel 1. Ludogorets 1.

**B-riðill**

**Besiktas - Napoli 1-1**
**Benfica - Dynamo Kiev 1-0**

**Staðan:** Napoli 7, Benfica 7, Besiktas 6, Dynamo Kiev 1.

**C-riðill**

**Gladbach - Celtic 1-1**

1-0 Lars Stindl (32.), 1-1 Moussa Dembele (76.).

**Man. City - Barcelona 3-1**

0-1 Lionel Messi (21.), 1-1 Ilkay Gündogan (39.), 2-1 Kevin De Bruyne (51.), 3-1 Gündogan (74.)

**Staðan:** Barcelona 9, Man City 7, Gladbach 4, Celtic 2.

**D-riðill**

**Atlético Madrid - Rostov 2-1**

1-0 Antoine Griezmann (28.), 1-1 Sardar Azmoun (30.), 2-1 Griezmann (90+3.).

**PSV - Bayern München 1-2**

1-0 Santiago Arias (14.), 1-1 Robert Lewandowski, víti (34.), 1-2 Lewandowski (74.).

**Staðan:** Atlético Madrid 12, Bayern München 9, PSV 1, Rostov 1.

### WILLUM ÞÓR GERÐI TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ KR

Willum Þór Þórsson var kynntur sem nýr þjálfari KR í gær. Willum skrifaði undir tveggja ára samning við KR. Willum tók við KR um mitt síðasta sumar og náði frábærum árangri með liðið. Undir stjórn Willums vann KR níu af 13 deildarleikjum sínum og náði Evrópusæti. Willum var þingmaður Framsóknarflokksins á árunum 2013-16 en náði ekki endurkjöri í nýafstöðnum kosningum. Hann er KR þakklátur fyrir að hafa beðið eftir sér á meðan á kosningabaráttunni stóð. „Við settumst niður fljótlega eftir mótið og ræddum þetta. Ég sagði mína afstöðu, að ég hygðist sækjast eftir endurnýjuðu umboði og fá sæti á Alþingi. En það tókst ekki og KR beið bara á meðan,“ sagði Willum í samtali íþróttadeild 365.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Snæfell - Keflavík | Sport 6 |
| 19.15 | Meistaramessan | Sport |
| 19.40 | Spurs - Leverkusen | Sport 2 |
| 19.40 | Dortmund - Sporting | Sport 3 |
| 19.40 | FCK - Leicester | Sport 4 |
| 19.40 | Legia - Real Madrid | Sport 5 |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |

**Undankeppni EM í handbolta karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | Ísland - Tékkland | Höllin |

**Domino's-deild kvenna í körfu:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Stjarnan - Grindavík | Ásgarður |
| 19.15 | Snæfell - Keflavík | Stykkish. |
| 19.15 | Valur - Skallagrímur | Valshöll |
| 19.15 | Njarðvík - Haukar | Njarðvík |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. nóvember 2016 | 42. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Innviðirnir kalla

Uppsöfnuð þörf fyrir innviðafjárfestingar eru 230 milljarðar samkvæmt nýrri skýrslu Gamma. Erlendir sjóðir sem hugsa til langs tíma hafa vaxandi áhuga á innviðafjárfestingum. » 6

»2
**Mettur markaður**
Vöxtur hefur verið í sölu á sushi, en margt bendir til þess að ekki bæti í.

»4
**Innlendur kostnaður**
Uppgjörin streyma inn í kauphöllina. Hækkun innlends kostnaðar litar uppgjör á markaði.

»4
**Krónan of sterk**
Greiningardeild Arion telur í nýrri hagspá að krónan sé of sterk.



»8
**Af fullum krafti**
Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir er nýr svæðisstjóri Icelandair. Hún stundar kraftlyftingar.

»11
**Verðhjöðnunarvandi**
Lars Christensen telur hagkerfi heimsins vera að fjarlægjast verðhjöðnunargildrur.





Þrír áhugamenn um sýndarveruleika standa að baki Breakroom. MYND/BREAKROOM

# Gefa út sýndarveruleika hugbúnað fyrir skrifstofur

Íslenska sprotafyrirtækið Breakroom gaf út á dögunum sýndarveruleikahugbúnað sinn Breakroom á Early Access á Steam. Búið er að vinna að hugbúnaðinum í þrjú ár.

„Í stuttu máli er þetta hugbúnaður fyrir sýndarveruleika sem gerir fólki kleift að nýta öll þau forrit sem það notar í tölvunni í sýndarveruleika. Það lýsir sér þannig að þú setur á þig sýndarveruleikatæki og heyrnartól og þegar þú ræsir búnaðinn okkar ferðu í annan heim. Þú getur verið á strönd að slappa af og opnað svo Excel, Photoshop, Word eða netvafra sem sérskjá fljótandi í kringum þig. Þú getur verið með tíu skjái opna í einu. Við erum komin með lausn fyrir þá sem eiga sýndarveruleikatæki til að nota tækin til að gera eitthvað annað en að spila tölvuleiki,“ segir Diðrik Steinsson

Hann stendur að baki fyrirtækinu ásamt Bjarna Rafni Gunnarssyni og Antoni Þórólfssyni. Fyrirtækið var stofnað í júní 2014.

Þessi útgáfa er miðuð að einstaklingum sem eiga þetta heima hjá sér í dag. Síðan gefa þeir út Breakroom for Business eftir áramót. Sá hugbúnaður er sérstaklega hugsaður fyrir opin vinnurými þar sem starfsmenn upplifa oft einbeitingarörðugleika, aukið stress, eða vilja meira einkarými.

Breakroom hefur fengið fjárfestingu frá Eyri og Startup Reykjavik Invest, auk styrkja frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís.

Varan er ekki fullunnin núna en verður fínpússuð með fyrstu notendum. „Við erum að gefa Breakroom út á Steam í Early Access en gefum þetta líka út hjá Oculus á næstu vikum. Early Access þýðir að varan er ekki fullunnin en við munum fínpússa vöruna með fyrstu notendum,“ segir Diðrik. – **sg**

## Vikan sem leið

**1,23%**

**hækkun**

Gengi hlutabréfa skráðra félaga í Kauphöllinni rauk upp um 1,23 prósent á mánudag eftir að niðurstöður kosninganna lágu fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn vann á og hlaut 29 prósent atkvæða. Einungis þrjú félög lækkuðu á mánudag. Gengi hlutabréfa í HB Granda hækkaði mest, eða um 4,25 prósent, í 103 milljóna króna viðskiptum.

**12,4**

**MILLJARÐAR**

Landsbankinn hf. var hæsti gjaldandi ríkisskattstjóra árið 2015 og greiddi 12,4 milljarða í heildarálagningu. Fast á hæla honum kemur Ríkissjóður Íslands sem greiddi 11,3 milljarða. Hinir viðskiptabankarnir greiddu heldur minna. Arion banki greiddi 6,8 milljarða króna, en Íslandsbanki 5,2 milljarða. GLB Holding greiddi svo 3,6 milljarða, en Reykjavíkurborg 3,5.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason hafliði@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Hagnaður Tokyo Sushi jókst um 11 milljónir milli ára, Andrey (í miðjunni) segist opinn fyrir frekari vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sushi-markaðurinn farinn að mettast

**Hagnaður Tokyo Sushi og Sushisamba eykst töluvert milli ára. Sushi-staðir eru meðal vinsælustu veitingastaða hjá Íslendingum. Skortur á starfsfólki og svört starfsemi hindra vöxt. Lítið hefur verið um nýja staði á síðustu þremur árum.**

Sushi-risarnir Sushisamba og Tokyo Sushi juku hagnað sinn verulega á síðasta ári og nam sala hjá Sushisamba 337 milljónum króna. Sushistaðir eru meðal vinsælustu staða hér á landi, framkvæmdastjóri Tokyo Sushi telur þó að búið sé að metta markaðinn. Vöntun á starfsfólki og svört veitingastarfsemi hamli áframhaldandi vexti.

Tokyo Sushi hagnaðist um 25,5 milljónir króna árið 2015, samanborið við 14 milljónir árið áður. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 40,2 milljónum króna, samanborið við 22,9 milljónir árið áður. Eigið fé nam 56,8 milljónum króna, samanborið við 32,9 milljónir árið áður. Sushisamba ehf., sem rekur samnefndan veitingastað í miðbæ Reykjavíkur, hagnaðist um 27,9 milljónir króna árið 2015. Hagnaðurinn jókst töluvert milli ára, en hann nam 16,6 milljónum króna árið 2014. Rekstrartekjur jukust einnig, þær námu 337 milljónum á síðasta ári, samanborið við 308 milljónir árið áður.

Kogt ehf. sem rekur Osushi veitingastaðina sem þekktir eru fyrir sushi-lestir tapaði hins vegar 19,8 milljónum króna í fyrra að teknu tilliti til áætlaðra opinberra gjalda.

„Ég myndi ekki segja að það væri vöxtur á markaðnum eins og fyrir árin 2012 til 2013. En við höfum séð tvö til þrjú þúsund nýja kúnna bætast við markaðinn árlega,“ segir Andrey Rudkov, framkvæmdastjóri og eigandi Tokyo Sushi. „Samkeppnin er gríðarleg í veitingabransanum ekki bara til að selja vöruna heldur til að fá starfsmenn.“



> **Samkeppnin er gríðarleg í veitingabransanum ekki bara til að selja vöruna heldur til að fá starfsmenn**
>
> Andrey Rudkov, framkvæmdastjóri Tokyo Sushi

Andrey segir að eitt það erfiðasta í veitingarekstri í dag sé að manna störfin. „Það er ein stærsta hindrunin við vöxt. Það er líka erfitt á Íslandi að hér ríkir öðruvísi þjónustulund en í Bandaríkjunum. Við þurfum líka að keppa við þá sem greiða svart og því eru margar hindranir við framtíðarvöxt.“

Íslendingar virðast að mörgu leyti drífa aukna sölu á sushi, en Andrey segir að vegna staðsetningar Tokyo Sushi séu Íslendingar 95 prósent viðskiptavina þeirra. Þrátt fyrir einhverjar hindranir í veginum segist hann opinn fyrir áframhaldandi vexti. „Við erum með tvo veitingastaði og seljum Tokyo Sushi í fjórum Krónuverslunum. Við erum opin fyrir fleiri viðskiptatækifærum.“

„Á síðustu þremur árum hafa í raun og veru engir nýir sushi-staðir verið opnaðir. Ég held að sushisprengjan sé búin. Fyrst var hamborgarasprengjan, svo var sushi og nú vitum við ekki hvað verður næst,“ segir Andrey Rudkov.

**saeunn@frettabladid.is**

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Fimmtudagur 3.nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður á þriðja ársfjórðungi 2016

**Föstudagur 4.nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vöruviðskipti við útlönd, október 2016, bráðabirgðatölur

**Þriðjudagur 8.nóvember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**ÍSLANDSBANKI**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**EIK**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Miðvikudagur 9. nóvember**
**LÁNAMÁL RÍKISINS**
- Mánaðarlegar upplýsingar Lánamála ríkisins

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

**EIK**
- Kynningarfundur uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2016

**Miðvikudagur 10. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Efnahagslegar skammtímatölur í nóvember 2016

**Þriðjudagur 15. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fiskafli í október 2016

**VINNUMÁLASTOFNUN**
- Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar

**Miðvikudagur 16. nóvember**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

**ARION BANKI**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**REGINN**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Fimmtudagur 17.nóvember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**EIMSKIP**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Föstudagur 18. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Samræmd vísitala neysluverðs í október 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

vísir Allar markaðsupplýsingar

# HP Spectre

## Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka



Ótrúlega þunn, aðeins 10.4 mm og 1.1 kg.

Einstök rafhlöðuending, ný „hybrid“ tækni.

Frábært hljóð frá Bang & Olufsen.

Intel® Core™ i5 eða i7 og Thunderbolt 3.0 tengi.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Þurfa að vera duglegri að standa upp frá skrifborðinu

„Tímastjórnunin kom mér á óvart. Þessar konur hafa þurft að hafa rosalega fyrir hlutunum, eins og allir sem komast í þessar stöður, en þær tala um að þetta sé val sem veitir þeim starfsánægju. Þegar þú ert komin í þessa stöðu þá lærirðu tímastjórnun þannig að þetta henti þínum aðstæðum og fjölskyldu og svo framvegis. Þetta er þá ekki eins mikið mál og margir halda,“ segir Dagný Jónsdóttir.

Hún skrifaði meistaraverkefni í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst þar sem hún rannsakaði tíu konur í æðstu stöðum í fjármálageiranum. Rannsóknarspurningin var: „Hvernig upplifa konur í forystu í fjármálageiranum á Íslandi hlutverk sitt og stöðu sem kvenleiðtogar þar sem karlmenn eru í meirihluta?“

„Af því að þær koma fram undir dulnefnum getur verið að ég hafi náð fram góðum upplýsingum og svörum. Þær eru áhugasamar um aukið jafnrétti fyrir alla,“ segir Dagný.

Dagný segir að ákveðið vandamál sé að fáir viti hverjar þær konur sem hafa eitthvað fram að færa eru. Þetta komi til dæmis fram þegar verið sé að ræða hvaða konur eigi að tilnefna í stjórn. Konur eru oft ekki með sama tengslanet og karlmenn.

**Þær eru flestar mjög meðvitaðar um að byggja upp tengslanetið sitt. Þetta er ekki bara gott fyrir konurnar persónulega, þetta skilar sér líka í rekstur fyrirtækisins.**

Dagný Jónsdóttir



„Margar konur sjá líka ekki virðið í því að standa upp frá skrifborðinu. Þær eru rosalega duglegar að vinna vinnuna sína við skrifborðið, en eru ekki jafn duglegar og karlar að fara á fundi, ráðstefnur og fara á golfvöllinn jafnvel til að efla tengslanetið. Tækifærin koma ekki til þeirra í vinnunni. Konurnar töluðu um það að þær þurfi að huga meira að þessum þáttum. Þær eru flestar mjög meðvitaðar um að byggja upp tengslanetið sitt. Þetta er ekki bara gott fyrir konurnar persónulega, þetta skilar sér líka í rekstur fyrirtækisins,“ segir Dagný.

Dagný sagði konurnar einnig finna fyrir auknum kröfum til sín bæði frá karl- og kvenstjórnendum; kvenmenn gera kröfur um að þær sýni þeim meiri skilning og séu vinkonur, en bæði kynin gera meiri kröfu um tilfinningagreind. Dagný segir konurnar mjög jákvæðar um jafnskiptingu á heimilishaldi. „Innviðir á Íslandi bjóða upp á það að báðir foreldrar vinni kröfuhörð störf, þetta er ekki í boði víða erlendis.“

Konurnar töluðu einnig um að grípa þau tækifæri sem bjóðast og segja ekki nei við verkefnum. Þær töluðu einnig um launamun kynjanna, sem er meiri í fjármálageiranum en öðrum greinum. **– sg**

# Misjöfn uppgjör

Uppgjör stórs hluta skráðra félaga á þriðja ársfjórðungi voru kynnt í síðustu viku. Uppgjörin voru misjöfn milli félaga. „Uppgjörin röðuðust á tvo daga, uppgjörin á miðvikudeginum voru heldur undir þeim væntingum sem gerðar höfðu verið, en svo var annað uppi á teningnum daginn eftir, þau voru betri en maður átti von á. Vísbendingar eru um að undirliggjandi tryggingarekstur sé að batna,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

„Af þeim félögum sem eru búin að birta, þá hefur hækkun innlends kostnaðar verið mest áberandi í tilfelli Össurar, um 11 prósent kostnaðar eru í krónum en nær engar tekjur. Almennt voru stærstu áhrif launahækkana búin að koma fram á fyrri fjórðungum ársins. Það var ekki um óvæntan kostnað að ræða í uppgjörunum núna sem hafði ekki átt sér stað á fyrri hluta árs,“ segir Stefán Broddi.

„Af stóru uppgjörunum má segja að Icelandair-uppgjörið hafi verið betra en menn áttu von á, en þrátt fyrir að félagið sé farið að færa jákvæð áhrif gjaldeyrisvarna meðal rekstrarliða hækkar það ekki áætlun sína fyrir árið, þannig að það er tvíbent,“ segir hann og bætir við að

**Af þeim félögum sem eru búin að birta þá hefur hækkun innlends kostnaðar verið mest áberandi í tilfelli Össurar, um 11 prósent kostnaðar eru í krónum en nær engar tekjur.**

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka



Marel hafi verið nokkuð í takt við væntingar. „N1 kom með fínt uppgjör og hækkaði spá sína fyrir árið. Uppgjör tryggingafélaganna einkenndist af því að manni sýnist að undirliggjandi tryggingarekstur sé að batna. Það var ekki vanþörf á. Hann er búinn að vera afar erfiður og félög eru að mestu leyti að skila góðri afkomu út af mjög góðri afkomu af fjármálastarfsemi. En það má greina afkomubata,“ segir Stefán Broddi.

Stefán Broddi segir að væntingar hafi líklega verið til enn betra uppgjörs hjá Högum og að Vodafone hafi verið heldur lakara en von var á. Á næstu vikum berast fleiri uppgjör, meðal annars frá fasteignafélögunum og Eimskip. **– sg**



GEFÐU ÞÉR TÍMON

Tímon.is

Færir þér nauðsynlega sýn á mannauðinn



Óvíst er hvaða áhrif áframhaldandi styrking krónunnar mun hafa á ferðaþjónustu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krónan mun sterkari en staðist getur

**Krónan hefur styrkst um 15 prósent á árinu. Ísland er orðið eitt dýrasta land heims. Greining Arion banka spáir áframhaldandi styrkingu. Þetta getur aukið innflutning og rýrt samkeppnisstöðu Íslands hvað varðar útflutning.**

Að mati Greiningardeildar Arion banka er krónan allt að tíu prósentum sterkari en staðist getur til lengri tíma. Þetta kemur fram í Hagspá 2016-2019: Fljúgum ekki of nálægt sólinni.

Krónan hefur styrkst verulega á árinu, eða um 15 prósent. Spáð er að hún muni styrkjast áfram á næstu mánuðum, sem mun að öllum líkindum grafa undan gengi hennar síðar. Greiningardeildin spáir kröftugum hagvexti í ár og á næsta ári, 4,7 prósent og 5,2 prósent, en að hægja taki á vextinum þegar fram í sækir. Hagvöxturinn verður dreginn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu.

„Ef fram heldur sem horfir og raungengið verður svona sterkt, þá mun það auka innflutning og rýra samkeppnisstöðuna hvað útflutning varðar. Að öllum líkindum mun gengið þá gefa eitthvað eftir,“ segir Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.

Raungengið er komið til ársins 2007. Raungengi miðað við laun er 34 prósent yfir langtímameðaltali, og 20 prósent yfir langtímameðaltali miðað við verðlag. Spáð er að raungengi krónunnar verði 22 prósentum yfir meðaltali miðað við verðlag og 44 prósentum yfir meðaltali miðað við laun undir lok spátímans.

**Þetta er varasöm staða, sérstaklega af því að við vitum ekki hvaða áhrif þetta hefur á stærsta útflutningsveginn, ferðaþjónustu.**

Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka



Að mati Konráðs gæti þetta haft neikvæð áhrif. „Þetta er varasöm staða, sérstaklega af því að við vitum ekki hvaða áhrif þetta hefur á stærsta útflutningsveginn, ferðaþjónustu. En það kannski gefur manni smá von um að við séum aðeins of svartsýn að þegar krónan var sem sterkust frá 2004 til 2007 fjölgaði ferðamönnum um rúmlega 30 prósent. Það er því ekki víst að ferðamönnum fækki verulega út af styrkingu krónunnar. En þetta verður engu að síður risastór prófraun fyrir ferðaþjónustuna, ef þetta er gengi sem er komið til að vera.“

Ísland er nú dýrara en Noregur. Verðlag hér á landi er sjö prósentum lægra en í Sviss sem er dýrasta land í heimi miðað við mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Krónan er orðin það sterk að það eru fáar þjóðir sem toppa Ísland núna,“ segir Konráð.

Það eru margir óvissuþættir varðandi áframhaldandi þróun gengisins. Að mati Konráðs verður þeim vonandi betur svarað þegar Seðlabankinn ákveður hvað hann ætli að gera 16. nóvember næstkomandi. **saeunn@frettabladid.is**

ÚTLIT
HÚSGAGNABANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**



| Hurricane blutooth heyrnatól | Blackview Omega Pro 5.0" 4G | 3 LED ljós með fjarstýringu | Blackview A8 5.0" 3G | Sími / Snjallúr bluetooth |
|---|---|---|---|---|
| Verð 8.900 | Verð 36.000 | Verð 9.900 | Verð 15.900 | Verð 8.900 |
| Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður míkrófónn | HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP | LED Lýsing undir eða í skápa með fjarstýringu og dimmer | 5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort | Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá |



| Hornskápur | Bókaskápur | Chippendale skápur | French Curio skápur | Chippendale glerskápur |
|---|---|---|---|---|
| Verð áður kr. 135.000 | Verð áður kr. 178.000 | Verð áður kr. 379.000 | Verð áður kr. 165.000 | Verð áður kr. 212.250 |
| Tilboð kr. 94.500 | Tilboð kr. 124.600 | Tilboð kr. 284.250 | Tilboð kr. 107.250 | Tilboð kr. 159.000 |
| 76 x 55 sm - h. 190 sm | Stærð 100 x 45 sm h. 190 sm | 180 x 55 sm - h. 225 sm | 70 x 40 sm - h. 190 sm | 120 x 45 sm - h. 195 sm |



| Vanilla leðurtaska | J&C leðurtaska | Alamo leðurtaska | Hobo leðurtaska |
|---|---|---|---|
| Leður - 4 litir | Leður - 3 litir | Leður - 2 litir | Leður - 3 litir |
| Verð 17.900 | Verð 11.900 | Verð 19.800 | Verð 15.900 |
| Stærð 34 x 16 sm - h. 26 sm | Stærð 28 x 0,5 sm - h. 18 sm | Stærð 36 x 10 sm - h. 23 sm | Stærð 41 x 14 sm - h. 29 sm |



| Rubelli hægindastóll með snúningi | Rubelli hægindastóll með snúningi | Innskotsborð | Hliðarborð | Campaign skrifpúlt |
|---|---|---|---|---|
| Verð 139.000 | Verð 89.000 | Verð 57.000 | Verð áður 79.000 | Verð 149.000 |
| Leður - tilboð 99.000 | Áklæði - tilboð 69.000 | Tilboð 48.450 | Tilboð 63.200 | Tilboð 104.300 |
| Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm | Stærð 82 x 90 sm h. 105 sm | Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm | Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm | Stærð 112 x 65 sm - h. 93 sm |

**www.husgagnabankinn.is**




Gísli Hauksson, forstjóri Gamma, segir áhuga stórra sjóða sem ávaxta fé fyrir lífeyrissjóði og tryggingafélaga fara vaxandi á innviðafjárfestingum. Það skapi mikil tækifæri til uppbyggingar innviða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tækifæri til að fjármagna innviðina

**Uppsöfnuð þörf fyrir innviðafjárfestingar er áætluð 230 milljarðar í nýrri skýrslu fjármálafyrirtækisins Gamma. Aðstæður á mörkuðum og sókn stórra fagfjárfestasjóða í innviðafjárfestingar skapa ný tækifæri fyrir innviði á Íslandi. Áætlað er að hægt væri að fjárfesta fyrir um 900 milljarða í slíkum verkefnum. Innviðafjárfestar vilja öryggi og litlar sveiflur, en gera á móti hóflega kröfu um ávöxtun.**

Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is



Fjárfesting og uppbygging innviða samfélaga ráða miklu um hagsæld þeirra. Undanfarin ár hefur áhugi stofnanafjárfesta á innviðafjárfestingum farið ört vaxandi og samhliða því hefur áhugi í samfélögum á því að ríkið hleypi einkaaðilum í slíkar fjárfestingar vaxið. Þetta hefur orðið til þess að til hafa orðið ýmsar leiðir við að mæta þörfinni fyrir innviðafjárfestingar, bæði hrein fjárfesting stórra sjóða í slíkum fjárfestingum sem og blandaðar leiðir ríkis, sjóða og einkaaðila.

Fjármálafyrirtækið Gamma hefur skoðað innviðafjárfestingar og þróun hugmynda varðandi slíkar fjárfestingar undanfarin ár. Í dag kemur út skýrsla um efnið þar sem farið er yfir stöðu hagkerfisins, helstu módel innviðafjárfestinga og þau verkefni sem blasa við til að styrkja innviði íslensks samfélags. „Markmið okkar er ekki að reka pólitík í þessu, heldur að greina verkefnin og þá möguleika sem eru fyrir hendi við fjármögnun þeirra,“ segir Gísli Hauksson, forstjóri Gamma.

**230 milljarða þörf**

Friðrik Már Baldursson hagfræðingur ritar inngang að skýrslunni þar sem hann fjallar um mikilvægi innviðafjárfestinga og hvernig dró úr innviðafjárfestingum í efnahagslægðinni sem fylgdi falli krónunnar og fjármálakerfisins.

Ísland var ekki eina landið þar sem dró úr innviðafjárfestingu. Í skýrslunni kemur fram að innviðafjárfesting í Evrópu fór úr 5% af landsframleiðslu í 2,5%. Talið er að þetta hlutfall þurfi að vera 4,1%

**5,5%**

**af landsframleiðslu þyrftu að fara í innviði hérlendis**

**Ástæðan fyrir því að við höfum að skoða þetta og vinna áfram með þessar hugmyndir er að þörfin fyrir innviðafjárfestingar hérlendis er orðin gríðarleg.**

**Vænleg innviðaverkefni**

- Sundabraut
- Stækkun Hvalfjarðarganga
- Breikkun vega
- Orkufyrirtæki
- Landsnet
- Isavia (alþjóðaflugvöllur)
- Míla
- Sæstrengur til Bretlands
- Landspítali
- Léttlestakerfi á höfuðborgarsvæðinu
- Lest milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar

til að viðhalda vexti í Evrópu. Hér á landi fór hlutfallið lægst í 2,5% árið 2012 en er nú um 3%. Að mati Gamma þyrfti þetta hlutfall að vera 5,5 prósent.

Samkvæmt þessu hefur orðið til veruleg uppsöfnuð þörf í innviðafjárfestingum. Mat Gamma er að uppsöfnuð þörf til að ná eðlilegum markmiðum nemi um 230 milljörðum.

**Mikið skorið niður**

Innviðum er gjarnan skipt í tvo flokka, efnahagsinnviði og samfélagsinnviði. Efnahagsinnviðir eru samgöngumannvirki, flutningar, framleiðsla og flutningur orku og vatns og fjarskiptainnviðir. Samfélagsinnviðir lúta að menntun, heilbrigði, réttarkerfi, menningu og afþreyingu. Skýrsla Gamma beinir einkum sjónum að efnahagsinnviðum. „Ástæðan fyrir því að við höfum að skoða þetta og vinna áfram með þessar hugmyndir er að þörfin fyrir innviðafjárfestingar hérlendis er orðin gríðarleg. Niðurskurður eftir hrun til vegamála var 90 prósent frá meðaltalinu 2002 til 2007. Það var allt skorið við nögl á sama tíma og

# PRECOLD® – LAUSN GEGN KVEFI

**Vistor hf. kynnir** PreCold munnúði dregur úr líkum á kvefi og styttir tíma kvefeinkenna ef hann er notaður frá upphafi einkenna. PreCold inniheldur virk náttúruleg sjávarensím og myndar verndandi filmu á slímhúðina í kokinu.

**HVAÐ ER PRECOLD?**

„PreCold er munnúði sem notaður er gegn kvefi, til að draga úr einkennum kvefs og til að stytta tíma kvefeinkenna,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf. „PreCold myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu. Filman, sem inniheldur virk náttúruleg sjávarensím, dregur úr getu veiranna til að bindast við slímhúðina í kokinu og fyrirbyggir þannig kvef. PreCold minnkar líkurnar á að smitast af kvefi og styttir tíma veikinda ef það er notað frá upphafi kvefeinkenna.“

**HVERNIG Á AÐ NOTA PRECOLD?**

Beinið stútnum að kokinu og úðið tvisvar:

*Við kvefeinkennum:*

- Notið PreCold á 2-3 tíma fresti, u.þ.b. sex sinnum á dag. Notist meðan kveftímabilið stendur yfir.
- Hafið samband við lækni ef kvefeinkenni vara lengur en í 10 daga.

*Fyrirbyggjandi við kvefi:*

- Notið tvo úðaskammta þrisvar sinnum á dag, þó ekki lengur en 30 daga í senn.
- Haldið meðferð áfram þar til einkenni eru horfin.

**FYRIRBYGGJANDI NOTKUN**

Að sögn Guðnýjar er hægt að nota PreCold fyrirbyggjandi ef aukin hætta er á kvefsmiti. „Til dæmis ef þú ert innan um fólk með kvef eða ert að fara í flug. Ef nota á PreCold fyrirbyggjandi er úðinn notaður þrisvar sinnum á dag.“

**PRECOLD FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

PreCold hefur staðbundin, skammvinn áhrif á yfirborð slímhúðarinnar í kokinu og verkunin stendur yfir í stuttan tíma. Því hentar PreCold flestum s.s. börnum frá fjögurra ára aldri og fullorðnum. Engar klínískar rannsóknir hafa verið gerðir á notkun PreCold® á meðan á þungun eða brjóstagjöf stendur svo ávallt skal ráðfæra sig við lækni fyrir notkun ef svo ber undir.



PreCold er fyrir alla fjölskylduna.




**PRECOLD MUNNÚÐINN:**

- Hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri
- Hefur staðbundna verkun í hálsi
- Er án sykurs og rotvarnarefna

**KLÍNÍSK RANNSÓKN**

Í klínískri rannsókn á PreCold-blöndunni sem var framkvæmd á Skåne háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð fækkaði veirum í koki um 99 prósent og kvefdögum fækkaði að meðaltali um helming í samanburði við lyfleysu.

**PRECOLD**

**FÆST Í APÓTEKUM OG Í FRÍHÖFNINNI**

**WWW.PRECOLD.IS**

**WWW.FACEBOOK.COM/PRECOLD.IS**

**ÍSLENSKT HUGVIT**

PreCold® er náttúruleg CE-merkt vara sem er skráð á Íslandi sem lækningatæki í flokki I og er íslenskt hugvit byggt á áralöngum rannsóknum.

PreCold® hefur verið selt í Evrópu undir vörumerkinu ColdZyme síðan 2012.



PreCold er úðað í kokið þar sem það myndar verndandi filmu.

*Clarsund M, Fornbacke M, Uller L, Alhström Emanuelsson C, 2014, Common Cold prophylaxis using ColdZyme mouth spray. Congress of the Nordic Association of Otolaryngology.


















„Við erum bara að flippa og ég held að það sé kannski það sem fólk elskar mest. Við tökum okkur ekki of alvarlega,“ segir Óli Gunnar Gunnarsson, annar höfunda leikverksins Stefán rís sem sýnt er í Gaflaraleikhúsinu. MYND/ANTON

# TÖKUM OKKUR EKKI OF ALVARLEGA

**Óli Gunnar Gunnarsson** er annar höfunda leikritsins Stefán rís sem nú er sýnt í Gaflaraleikhúsinu. Hann þekkir ekki sviðskrekk þó stress fylgi stundum leiklistinni og stefnir á leiklistarnám í framtíðinni.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við eigum þrjár sýningar að baki sem allar gengu afskaplega vel. Við Arnór sömdum handritið en með okkur er hópur unglinga sem mótaði sýninguna með okkur í æfingaferlinu og á því stóran þátt í þessu. Við fengum tvo frábæra dóma upp á fjórar og fimm stjörnur,“ segir Óli Gunnar Gunnarsson, einn leikara og annar höfunda verksins Stefán rís, sem sýnt er í Gaflaraleikhúsinu en verkið skrifaði hann ásamt Arnóri Björnssyni, besta vini sínum og frænda.

Þeir félagar slógu í gegn fyrir tveimur árum með leikrit sitt Unglinginn og gáfu í fyrra einnig út bók, Leitin að tilgangi unglingsins. Verkið Stefán rís er að hluta byggt á bókinni.

„Það er samt ekkert úr leikritinu Unglingnum í Stefán rís. Verkið fjallar þó um ungling, strák í tíunda bekk, sem er ástfanginn. Þetta er erfiður tími fyrir marga og því tengir fólk við þetta. Verkið er fyrst og fremst ástarsaga en að auki fjallar sýningin um okkur tvo að skrifa leikritið.“

*Ástarsaga unglings. Byggið þið verkið á eigin reynslu?*

„Allar góðar sögur hljóta að vera sannar að einhverju leyti,“ segir Óli Gunnar sposkur. „Aðallega er þetta samt skáldsaga en kannski setjum við margt úr okkar eigin reynslu inn í leikritið án þess endilega að fatta það,“ bætir hann við.

Hann segir að þeim félögum líði vel á sviði og þeir þekki ekki sviðskrekk

„Það var smá stress í okkur þegar fór að líða að frumsýningunni. Það tók nefnilega talsverðan tíma að setja verkið allt saman og við vorum ekki komin með endinn fyrr en viku fyrir frumsýningu! En það reddaðist að sjálfsögðu, eins og við vissum svo sem alltaf. Það var því enginn sviðskrekkur þegar kom að sýningunni,“ segir Óli Gunnar og kemur því ekki á óvart að hann stefnir ótrauður á leiklistarnám þegar hann hefur lokið Versló.

„Ég stefni pottþétt á leiklistarnám í framtíðinni, annaðhvort hér heima eða í útlöndum. Það að geta skapað finnst mér heillandi við leiklistina.“

*Þið eruð þá þokkalega vel á veg komnir, með tvö leikrit og eina skáldsögu á ferilskránni?*

„Jú, við gerum okkur alveg grein fyrir því að það er frekar gott. En við erum samt aldrei að reyna neitt. Við erum bara að flippa og ég held að það sé kannski það sem fólk elskar mest. Við tökum okkur ekki of alvarlega. Við erum bara tveir unglingar að skrifa það sem okkur dettur í hug.“

*Hvað ertu að fást við annað? Gefst einhver tími til annars en að leika?*

„Ég er í vídeónefndinni Rjómanum í Versló og svo er ég bara að læra og slaka á. Mér finnst einmitt mjög mikilvægt að slaka á þar sem ég hef eiginlega engan tíma til þess.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Við fögnum 20 árum á Engjateignum
Dúnúlpa 20%
Kjóll 40%
Kápa 20%
Peysa 40%
Kjóll 40%
20-40% afsláttur af öllum fatnaði og skóm!
Toppur 40%
Ullarslá 20%
Vattjakki 40%
Toppur 30%
Jakki 30%
Blússa 30%
Kápa 30%
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



**GOTT VERÐ / 9 MANNA !**
Renault Traffic Diesel langur 05/2016 ek 12 þ.km Kostar nyr 5950 þús OKKAR VERÐ 4.950 Þús / Möguleiki á niðurf. fyrir ferðaþj. Og TAXI !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

MB bílar



TOYOTA Land cruiser 150 vx. Árgerð 2010, ekinn 125 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 6.450.000. Rnr.101155.



**VERKSMIÐJUÁBYRÐ TIL 2019**
KIA Sorento. Árgerð 2012, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.490.000. Rnr.101178.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**




### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir







## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

### Skemmtanir

Söngkona og gítarleikari óskast. Uppl. á antonben@simnet.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu



Ljósakrossar á leiði. Fjórar gerðir, verð frá 5000kr. Uppl. á jons.internet.is eða í s.8227124

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**ÍSLENSKA f. ÚTENDINGA - ENSKA**
ICELANDIC I, II, III. ENSKA f. Fullorðna - ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 7/11, 5/12, 1/9. Morgna/Síðd/Kvölds. Morn/Aftern/ Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 -5 nem/students - www.iceschool.is. ff@icetrans.is -facebook.com/fullordinsfraedslan. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155 / 898 1175.

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HEIMILIÐ

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði með stórri innkeyrslu. 0-250fm. Uppl í s. 6996980- Ólafur hjá Pak.is

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur örfáum tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773 3376 Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**SENDIBÍLSTJÓRI**
Óskum eftir að ráða bílstjóra á 5 tonna kassabíl í föstum verkefnum á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 820 1077

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.




### tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Opnunartilboð:

Þú kaupir þrjá tíma í nudd og færð fjórða tíman **FRÍTT** með!

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



þjóðinni var að fjölga og svo bætist allur túrisminn við,“ segir Gísli.

**Vaxandi áhugi á innviðafjárfestingum**

Á undanförnum árum hafa augu fjárfesta beinst í auknum mæli að innviðafjárfestingum. Slíkar fjárfestingar eru almennt taldar mjög öruggar og það endurspeglast í þeirri kröfu sem fjárfestar gera til ávöxtunar. Vextir í heiminum hafa verið í sögulegu lágmarki sem þýðir að lánsfé er sögulega ódýrt. Fjárfestar þurfa því að hafa talsvert fyrir því að finna fjárfestingar sem skila viðunandi ávöxtun. Gísli segir að þessi aukni áhugi fjárfesta á innviðafjárfestingum og aðstæður í efnahagslífi heimsins opni á ýmis tækifæri fyrir Íslendinga til að mæta þörfinni fyrir uppbyggingu innviða.

Gísli segir Gamma hafa verið að skoða verkefni og áhuga sjóða á innviðaverkefnum síðastliðin þrjú ár. „Við höfum fundað með stórum innviðafjárfestum beggja vegna Atlantshafsins og finnum fyrir miklum áhuga þeirra á að fjárfesta í innviðaverkefnum hér landi,“ segir Gísli. „Stærstu verkefnin eru orðin nógu stór til að vekja athygli þeirra.“

**Jafnar sveiflur sjóðanna**

Gísli segir innviðaverkefni aðlaðandi fyrir fjárfesta, ekki vegna mikils hagnaðar af þeim, heldur séu þau eftirsóknarverð í dreifð eignasöfn vegna stöðugleika, það er að þau sveiflast ekki endilega með öðrum eignaflokkum á markaði. Það sé eftirsóknarvert fyrir langtímafjárfesta að hafa slíkt í sínum söfnum. Hann segir marga slíka sjóði í heiminum og Ísland, þrátt fyrir smæð sína, búi yfir kostum, svo sem stjórnmálastöðugleika, menntun og fleiri þáttum þar sem við skorum tiltölulega hátt í alþjóðlegum samanburði. Það geri landið að góðum kosti fyrir alþjóðlega fjárfesta sem vilji dreifa áhættu sinni.

Aðkoma sjóða og einkaaðila getur verið með mismunandi hætti. Hvalfjarðargöngin eru gott dæmi um slíka framkvæmd þar sem fjárfestar fjármögnuðu göngin og höfðu rétt til að reka þau í skilgreindan tíma til að fá arð af fjárfestingunni. Við lok tímabilsins eru svo göngin afhent ríkinu og verða venjulegur partur af samgöngukerfinu.

**Kaþólskari en páfinn**

Leiðir að aðkomu fjárfesta geta verið afar mismunandi, allt frá því að einkaaðilar eigi og reki fyrir eigin áhættu innviðaeignir til þess að ríkið bjóði út framkvæmdir og greiði fyrir þær og eigi mannvirkin sjálft. Þar á milli eru svo leiðir þar sem blandað er saman aðkomu ríkis og fjárfesta. Slíkar leiðir hafa í vaxandi mæli verið notaðar á Norðurlöndunum. Skammstöfunin fyrir slík verkefni er PPP (Public, Private Projects) sem mætti kalla blendingsverkefni fjárfesta og ríkis. Um slíka samvinnu hefur verið mótaður lagarammi á Norðurlöndunum. „Við erum kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Norðurlöndin eru komin miklu lengra en við í því að að hleypa stofnanafjárfestum inn í slík verkefni,“ segir Gísli. Hann segir að nærtækast sé að horfa til Norðurlandanna í leit að fyrirmyndum að slíkri lagasetningu. „Slík löggjöf kæmi ríkinu afar vel. Hún er fyrst og fremst til þess að fjárfestar gangi að öruggu umhverfi þar sem tryggt er að leikreglum verði ekki breytt eftir á.“ Hann bætir því við að ekki sé um að ræða að slíkir fjárfestar sækist eftir sérstökum ívilnunum.

## Hvað eru innviðir?

**1. Efnahagsinnviðir eða hefðbundnir innviðir**

Í þessum flokki eru innviðir sem tengjast samgöngum svo sem vegir, hafnir, flugvellir, brýr, göng og bílastæði. Framleiðslu- og dreifingarfyrirtæki svo sem orkuframleiðsla, orkudreifing, vatnsveita, holræsi og fjarskiptakerfi.

**2. Félagsinnviðir**

Í þessum flokki eru skólar og menntakerfi, byggingar og þjónusta tengd heilbrigðiskerfinu svo sem elliheimili og fleira. Þarna er líka að finna byggingar og þjónustu tengda réttarkerfi svo sem fangelsi og ýmiss konar íþróttamannvirki.

**Við erum kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Norðurlöndin eru komin miklu lengra en við í því að að hleypa stofnanafjárfestum inn í slík verkefni**

**900**

**milljarðar gæti verið umfang þeirra verkefna sem ráðast þarf í á næstu árum**

**Isavia þarf mikla fjárfestingu**

Fyrir utan vegakerfið er gríðarleg fjárfestingarþörf fyrirliggjandi í flutningskerfi raforku og í mannvirkjum tengdum millilandaflugi. ISAVIA, sem er í eigu ríkisins, stendur frammi fyrir fjárfestingum fyrir 100 og allt að 200 milljörðum til að mæta vaxandi þörf vegna bæði fjölgunar ferðamanna sem koma til landsins og vaxandi fjölda farþega sem millilenda á ferð sinni milli heimsálfa. Gísli segir að flugstöðin sé gott dæmi um verkefni þar sem fjárfestar með hóflega ávöxtunarkröfu gætu komið að verkefninu og skattborgarar þurfi þar með ekki að bera áhættu af því ef áætlanir um fjölgun farþega stæðust ekki eða ófyrirsjáanlegum áföllum. Víða erlendis eru flugvellir í einkaeign.

Ljóst er að staða hagkerfisins leyfir ekki að ríkið fari í miklar framkvæmdir sjálft. Á sama tíma er nauðsynlegt að ráðast í dýr og viðamikil verkefni ef þjóðin á ekki að dragast aftur úr í efnahagslegu tillit til lengri tíma. Gísli bendir á að sum inniviðaverkefnanna taki mjög langan tíma og því sé rétt að hefja undirbúning þeirra sem fyrst. Enginn veit hvernig og hvenær núverandi hagsveiflu lýkur, en í ljósi fjölgunar ferðamanna og því að stórar kynslóðir séu að komast á fullorðinsár verði ekki undan því vikist að ráðast í innviðaverkefni. Heildarumfang verkefna sem nefnd eru í skýrslu GAMMA og eru talin henta í einkafjármögnun nemur ríflega 900 milljörðum króna. Meðal fleiri verkefna sem henta einkafjármögnun er mögulegur sæstrengur, gagnaflutningsfyrirtæki, orkufyrirtæki og lest milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

**Fjárfest í öruggum samgöngum**

Verkefni sem liggja fyrir eru, auk flugstöðvarinnar og Landsnets, nokkur stór verkefni í samgöngum sem henta slíkum leiðum. Þar má nefna Sundabraut, stækkun Hvalfjarðarganga, breytingu Keflavíkurvegar í hraðbraut, breikkun þjóðvegar frá Reykjavík austur á Selfoss og vestur til Borgarness. Fleiri verkefni eru nefnd í skýrslunni. Gísli segir að samgönguverkefnin séu afar hagstæð þjóðhagslega sem sé mikilvægt, en þar við bætist ekki einungis þægindaauki heldur það sem sé ekki síst mikilvægt, að gera samgöngumannvirki öruggari. „Í vegakerfi er stundum talað um þrjú þróunarstig í samgöngum sem eru: samgöngur, hraðar samgöngur og síðast öruggar samgöngur. Við erum, þrátt fyrir að vera þróað ríki, ekki komin á þann stað að við getum talað um öruggar samgöngur, því miður.“


Lítill minnihluti stjórnenda er berdreyminn.

Gallup er fyrir alla hina.

GALLUP
TIL AÐ VERA VISS

**RAGNHEIÐUR E. STEFÁNSDÓTTIR**



## Mannauðsstjóri hjá borginni

Ragnheiður E. Stefánsdóttir hefur verið ráðin í starf mannauðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Hún hefur starfað hjá Reykjavíkurborg í um þrjátíu ár, meðal annars sem stjórnandi, fræðslustjóri, jafnréttisráðgjafi, mannauðsráðgjafi og starfsmannastjóri, lengst af hjá ÍTR en hjá SFS frá stofnun sviðsins. Í maí síðastliðnum tók Ragnheiður við starfi mannauðsstjóra á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

**FLOSI EIRÍKSSON**



## Til Íslandsstofu

Flosi Eiríksson hefur verið ráðinn sem verkefnastjóri á sviði ráðgjafar og fræðslu hjá Íslandsstofu. Fram kemur í tilkynningu að hann mun starfa með íslenskum fyrirtækjum að margvíslegum verkefnum við erlenda markaðsókn. Undanfarin 10 ár hefur Flosi starfað hjá KPMG, síðast sem verkefnastjóri í viðskiptaþróun og tengslum. Flosi er viðskiptafræðingur að mennt. – sg

**ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR**



## Formaður stjórnar FS

Erla Ósk Ásgeirsdóttir var kjörin stjórnarformaður Félagsstofnunar stúdenta (FS) á stjórnarfundi stofnunarinnar 28. október 2016, Erla Ósk tekur við af Davíð Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Dohop, sem stýrt hefur stjórninni undanfarin átta ár. FS er sjálfseignarstofnun sem á og rekur 19 Stúdentagarða sem hýsa um 1.800 stúdenta. Stofnunin rekur jafnframt Bóksölu stúdenta, Kaffistofur stúdenta, þrjá Leikskóla stúdenta, Stúdentamiðlun, Stúdentakjallarann, Hámu, Hámu heimshorn, Bókakaffi stúdenta og Kaupfélag stúdenta. – sg



Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir hefur starfað hjá Icelandair frá árinu 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kraftlyftingakona sem skíðar

**Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir er nýr svæðisstjóri fyrir Icelandair á Íslandi. Hún segist vera með flugbakteríuna en hún hefur starfað hjá Icelandair í tólf ár, fyrst sem flugfreyja og nú síðast sem yfirmaður Customer Loyalty. Utan vinnunnar stundar hún kraftlyftingar, rennir sér á skíðum og nýtur þess að vera með fjölskyldunni.**

SVIPMYND

**INGIBJÖRG ÁSDÍS RAGNARSDÓTTIR**

„Starfið leggst rosalega vel í mig, það er mikil samkeppni á markaðnum en tækifærin á sama tíma mörg og spennandi. Við leggjum okkur fram við að veita framúrskarandi þjónustu og erum með þráðlaust net í öllum okkar vélum, Vildarpunktasöfnun, afþreyingarkerfi fyrir alla fjölskylduna og glæsilegt úrval áfangastaða, en á næsta ári bætast við tvær stórborgir sem henta Íslendingum afar vel, þær Tampa og Philadelphia.“ Þetta segir Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir sem tók í gær við stöðu svæðisstjóra fyrir Icelandair á Íslandi.

„Við skiptum markaðnum upp í fimm svæði, Norður-Ameríku, Vestur-Evrópu, Skandinavíu, Ísland auk GSA-svæða fyrir Suður- og Austur-Evrópu, Asíu, Mið-Austurlönd, Afríku og Suður-Ameríku. Þetta er ábyrgð og rekstur á söluvæðinu, innleiðing og eftirfylgni á sölustefnu, markaðs- og fjármálaáætlanir og svo framvegis.“

> **Það er nóg að gera í vinnunni, þetta er fjölbreytt starf sem tekur á svo mörgu. Íslendingar elska líka að ferðast, þannig að þessi flugbaktería er rótgróin í okkur.**

Ingibjörg Ásdís lauk B.Sc.-prófi í viðskiptafræði og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað í tólf ár hjá Icelandair, nánast allan feril sinn. Áður starfaði hún hjá Air Atlanta og hjá Vodafone. „Maður bara elskar fyrirtækið og ég hef alltaf verið með flugbakteríuna. Ég vann sem flugfreyja á sumrin samhliða námi og eftir að ég lauk prófi í viðskiptafræði fór ég að vinna sem verkefnastjóri vef- og markaðsmála árið 2005,“ segir Ingibjörg. Frá 2007 til 2010 sá hún um samninga og samskipti við fjármálastofnanir og banka fyrir hönd Icelandair Saga Club, og hefur starfað sem forstöðumaður yfir Customer Loyalty síðan 2010.

„Það er nóg að gera í vinnunni, þetta er fjölbreytt starf sem tekur á svo mörgu. Íslendingar elska líka að ferðast, þannig að þessi flugbaktería er rótgróin í okkur. Það sýnir sig líka í því þegar við erum að auglýsa eftir starfsmönnum hversu margir sækja um, það vilja svo margir vinna við flugið,“ segir Ingibjörg Ásdís.

Ingibjörg Ásdís er í sambandi með Ragnari Ágústssyni og á hún tvö börn og hann tvö börn sem eiga hug þeirra allan. Utan vinnunnar eyðir hún tíma með fjölskyldunni og sinnir líkamsrækt. „Helst núna á dagskrá eru kraftlyftingar, ég er að æfa hjá honum Ingimundi úti á Nesi og hef verið þar í eitt ár. Ég var að lyfta fyrir mörgum árum síðan og langaði alltaf að byrja aftur. Þetta er að mínu mati frábær hreyfing og gott að komast þangað til að fá útrás. Blanda þessu saman við hot yoga sem er mjög góð blanda, sérstaklega í kuldanum.“

Ingibjörg Ásdís stefnir líka á að skíða í vetur. „Við ætlum bæði á skíði innanlands og utan, það er verið að stefna á Akureyri og Denver í Colorado með skíðin í vetur. Við veljum að sjálfsögðu þá áfangastaði sem Icelandair flýgur til,“ segir hún kímin.

saeunn@frettabladid.is

# Hagnaður olíurisa dregst verulega saman

Olíurisinn BP hagnaðist um 933 milljónir dollara, jafnvirði 105 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Hagnaðurinn dróst verulega saman milli ára en hann nam 1,8 milljörðum dollara, jafnvirði 202 milljarða íslenskra króna, á sama tímabili í fyrra.

Forsvarsmenn BP kenna lækkandi hrávöruverði á olíu um lélegri afkomu. BBC greinir frá því að forsvarsmenn keppinautarins Royal Dutch Shell hafi einnig varað við slæmri afkomu sökum lækkandi olíuverðs. Hagnaður Shell jókst hins vegar um 18 prósent milli ára. Hagnaðurinn nam 2,8 milljörðum dollara, jafnvirði 314 milljarða króna, sem var ofar spám greiningaraðila.

Fjármálastjóri BP segir að verið sé að ná góðum árangri í að aðlaga rekstur BP að nýju rekstrarumhverfi með erfiðu verði. Hann segir góða trú á að ná rekstrinum á réttan stað á næsta ári miðað við að hrávöruverð á olíu verði á bilinu 50 til 55 dollarar. Á sama tíma sé BP að fjárfesta í verkefnum, fyrirtækjum og öðrum möguleikum til að auka hagnað á komandi árum. – sg



Forsvarsmenn BP kenna lækkandi olíuverði um afkomuna. MYND/BP


UEFA CHAMPIONS LEAGUE
SPORTPAKKINN
ALLA DAGA 18:55
MEISTARADEILDARMÖRKIN
AÐEINS Í SPORTPAKKA STÖÐVAR 2
ÖLL KVÖLD STRAX AÐ LOKNUM FRÉTTUM Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2
SPORTPAKKINN – Í OPINNI DAGSKRÁ
FRÉTTIR
Við bjóðum uppá fjölbreytt úrval af íþróttaefni sem þú sérð aðeins í Sportpakka Stöðvar 2 og erum með öflugasta íþróttafréttateymi landsins sem flytur ykkur daglega fréttir á Stöð 2 í opinni dagskrá.
365.is | Sími 1817
365



Nýsköpun

**Erlendur Steinn Guðnason**
stofnandi Vizido og formaður Samtaka sprotafyrirtækja

## Snilldar-hugmyndin

Eins og aðrir fæ ég hugmyndir á hverjum degi um allt milli himins og jarðar, eins og t.d. að endurraða í skápana í eldhúsinu eða hvernig best er að leysa úr ákveðnu verkefni. Einstaka sinnum læðist „snilldarhugmynd“ að manni. Slíkar hugmyndir þarfnast mikillar áræðni og orku við að hrinda í framkvæmd og reynist það yfirleitt erfiðasti hjallinn.

Í tvö skipti hef ég bægt skynseminni frá til að elta þann draum að koma „snilldarhugmynd“ í framkvæmd.

Fyrra skiptið var árið 2000. Á meðan aðrir veltu fyrir sér hvernig tölvukerfi heimsins myndu bregðast við árþúsundaskiptum, sátum við fjögur heima í stofu að skrifa viðskiptaáætlun um hvernig við gætum breytt heiminum með betri leitarvél fyrir íslenskan markað. Þá var ekkert sprotaumhverfi, viðskiptahraðlar eða Tækniþróunarsjóður en í staðinn bönkuðum við upp á hjá stórfyrirtæki í bænum og fengum fund með forstjóra sem stuttu síðar ákvað að kannski væri eitthvert vit í þessum ungmennum.

Nokkrum mánuðum síðar sprakk netbólan og viðskiptamódelið okkar. Þrátt fyrir að upphafleg markmið næðust ekki þá komum við mörgum nýstárlegum verkefnum í framkvæmd. Eftir sátum við reynslunni ríkari og fórum hvert í sína áttina. Ég tók að mér að koma á fót þjónustuveri fyrir tölvuleikinn EVE Online sem þá var í þróun, þróa Sjónvarp og Ljósnet Símans svo eitthvað sé nefnt.

Sextán árum síðar kallar „snilldarhugmynd“ aftur á mig og í þetta skipti er það félagi minn Pétur Orri Sæmundsen sem smitar mig af ólæknandi þörf fyrir að koma Vizido út í heiminn. Vizido, www.vizido.com, er app sem hjálpar lesblindum að muna og vinna með öðrum í kringum vídeó og myndir. Við trúum því að Vizido muni einnig nýtast öllum sem vilja einfalda og nýstárlega leið til að fanga eitthvað til að muna með snjallsímanum.

Það eru ótrúlegar framfarir sem hafa orðið á sprotaumhverfinu á þessum sextán árum. Með stuðningi við sprota með Tækniþróunarsjóði, viðskiptahröðlum, Icelandic Startups, Samtökum sprotafyrirtækja og sprotafjárfestingarsjóðum hefur jarðvegurinn aldrei verið betri fyrir góðar hugmyndir. Hugvit er nefnilega óþrjótandi uppspretta sem vex og dafnar með hverju verkefninu.

Framtíð barna okkar er björt ef við höldum áfram að gera hugviti hátt undir höfði og leyfum fleiri „snilldarhugmyndum“ að verða að veruleika.

## Markaðsherferð fyrir kakó



Starfsmenn tæma poka af kakóbaunum í súkkulaðiverksmiðju í Abidjan á Fílabeinsströndinni. Ný markaðsherferð fyrir kakó á Fílabeinsströndinni hófst þann 1. október. Kaffi- og kakóráðið (CCC) tilkynnti nýverið um hækkun launa í kakóiðnaði. Nú fá bændur 10 prósentum meira fyrir hvert kíló af kakó eða um 1.100 CFA franka sem eru rétt rúmlega 200 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Verðhjöðnunargildran er að fjarlægjast hagkerfi heimsins



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Síðan heimskreppan skall á 2008 hefur hnattræna hagkerfið í rauninni verið í verðhjöðnunargildru og í mörgum þróuðum hagkerfum höfum við á síðustu tveimur árum séð afdráttarlausa verðhjöðnun og í flestum löndum hefur verðbólgan stöðugt verið undir opinberum verðbólgumarkmiðum (oft 2%).

Ég hef verið mjög gagnrýninn á peningamálastefnuna í flestum þróuðum hagkerfum heimsins síðan 2008 og öfugt við algenga gagnrýni á seðlabanka þá tel ég að þeir hafi ekki gert nóg til að draga úr verðhjöðnunarþrýstingi. Seðlabankar og álitsgjafar telja gjarnan að losað hafi verið mikið um peningastefnuna. En þetta er strangt til tekið ekki rétt. Í fyrsta lagi eru vextir mjög slæmur mælikvarði á stefnuviðhorf í peningamálum. Við ættum frekar að hugsa um stefnuviðhorfin með hliðsjón af peningaframboði miðað við peningaeftirspurn. Þótt til dæmis seðlabanki Bandaríkjanna hafi aukið grunnféð þá hefur eftirspurn eftir fé einnig aukist. Þetta stafar af því að neytendur og fjárfestar óttast verðhjöðnun og halda þess vegna meiri peningum í bönkunum en þeir hefðu gert ef þeir hefðu búist við að seðlabankar stæðu við verðbólgumarkmið sín í stað þess að fara undir þau. Auk þess neyða strangar fjármálareglur nú um stundir banka og lífeyrissjóði til að hafa meira handbært fé og svokallaðar öruggar eignir en fyrir kreppuna. Þetta veldur verðhjöðnun þar sem það veldur tilbúinni peningaeftirspurn.

Þegar allt kemur til alls hafa peningamarkaðsskilyrði EKKI verið verðbólguvaldandi í heiminum síðan 2008 og þess vegna höfum við séð verðhjöðnunarþrýsting byggjast upp. En nú eru merki um að við séum loksins að byrja að fjarlægjast verðhjöðnunargildruna.

Verðbólga er enn undir tveimur prósentum í flestum stóru þróuðu hagkerfunum í heiminum, en síðustu tvo mánuði höfum við séð hægfara aukningu bæði á raunverulegri verðbólgu og, það sem meira máli skiptir, í verðbólguvæntingum – sem þýðir að fjárfestar og neytendur gætu verið farnir að halda að seðlabankar geti komið verðbólgunni upp í væntingastig sitt.

Mikið af þessu getur reyndar verið heppni og heppnin felst í því að flestir mikilvægustu seðlabankarnir í heiminum – það sem ég kalla peningastórveldin – hafa linað tökin á peningamálastefnunni á þessu ári. Þannig heldur seðlabanki Evrópu áfram með magnbundna íhlutun sína og Brexit-atkvæðagreiðslan í Bretlandi hræddi seðlabanka Englands til að losa um peningastefnu sína, og í Bandaríkjunum hefur seðlabanki Bandaríkjanna, eftir óróann á mörkuðunum í upphafi árs, dregið verulega úr áætlun sinni um að hækka stýrivexti fjórum sinnum á þessu ári. Enn fremur hefur seðlabanki Japans ítrekað loforð sitt um að ná tveggja prósenta verðbólgumarkmiði sínu. Og loks, og það sem er kannski mikilvægast, hefur alþýðubankinn í Kína síðasta árið tekið upp stefnu sem felur í sér „skríðandi gengissig“ renminbi sem hefur greinilega dregið úr verðhjöðnunarþrýstingi í Kína.

Sú staðreynd að nú virðist draga úr verðhjöðnunarþrýstingi er sennilega líka ástæðan fyrir því að síðustu vikur höfum við séð ávöxtun skuldabréfa á heimsmarkaði fara hækkandi. Að því sögðu er engin ástæða til að ætla að verðbólga fari úr böndunum á næstunni og við ættum að minnast þess að flestir stóru seðlabankarnir í heiminum eru nú undir verðbólgumarkmiðum sínum og verðbólguvæntingar eru enn mjög lágar í sögulegu samhengi.

Þess vegna er það mikilvægt að til dæmis seðlabanki Evrópu og seðlabanki Bandaríkjanna verði ekki of spenntir yfir þessari smávægilegu hækkun á verðbólguvæntingum og grípi ekki til ótímabærra aðgerða til að herða peningamarkaðsskilyrði. Það er því persónuleg skoðun mín að seðlabanki Bandaríkjanna ætti ekki að hækka stýrivexti í desember eins og nú eru merki um. Ótímabær stýrivaxtahækkun gæti vakið verðhjöðnunardrauginn aftur til lífsins.

# Hver selur eignina þína?



Hin hliðin

**Sigríður Hrund Guðmundsdóttir**
löggiltur fasteignasali og MBA
Fasteignakaup

Fyrir skömmu hitti ég gamlan starfsfélaga, sem er ekki í frásögur færandi að öðru leyti en því að hann fór að rekja raunir systur sinnar við sölu fasteignar nýverið. Málið var komið í hnút og hver benti á annan. Þú ert löggiltur fasteignasali, ekki rétt? spurði hann mig. Var ekki verið að breyta lögunum? Jú, mikið rétt, lögum um fasteignasala var breytt á liðnu ári og nú eiga löggiltir fasteignasalar að sjá um viðskiptin frá upphafi til enda.

Í þessu dæmi höfðu nokkrir aðilar komið að sölunni, bæði fasteignasalar og aðstoðarmenn þeirra. Þeir höfðu séð um að skoða fasteignina, taka við tilboðum og vera í samskiptum við kaupanda og seljanda fram að því að kaupin tókust með samþykki kauptilboðs. Eftir það fór málið í hendur annarra fasteignasala innan fasteignasölunnar sem falið var að sjá um frágang kaupsamnings og uppgjör kaupverðsins. Vandamálið var að þegar ágreiningur kom upp og kaupandinn hélt eftir greiðslu þá var það hlutverk þeirra sem ganga frá kaupsamningnum að reyna að leysa úr þeim ágreiningi. Þessir fasteignasalar höfðu þó ekki skoðað né sýnt eignina eða verið í samskiptum við aðila um kaupin, fram að því að komið var að frágangi kaupsamnings og afsals.

Eins og vandamálinu var lýst fyrir mér þá olli þessi staða því að þeir fasteignasalar sem falið var að gera upp viðskiptin gátu litla aðstoð eða ráðgjöf veitt um lausn deilunnar þar sem þeir höfðu t.d. ekki skoðað fasteignina sjálfir og voru lítið inni í því ferli sem á undan hafði gengið. Lítil aðstoð hafði því fengist við að ná sátt um lausn málsins og deilan komin í ágreining fyrir dómstólum.

Því miður er þessi saga ekkert einsdæmi og út frá þessari raunasögu félaga míns má draga þann lærdóm að heppilegast sé að sölunni sé fylgt eftir af sama fasteignasalanum frá upphafi til enda. Hann eða hún er þá betur í stakk búinn til að grípa inn í ef vandamál koma upp og vinna að farsælli lausn þeirra. Reynsla fasteignasalans skiptir þar miklu máli, svo í upphafi skal endinn skoða.



**15%**

**afsláttur af öllum Montana pöntunum um helgina. Einnig eru í boði sérvaldar einingar með meiri afslætti.**

# 2 sérfræðingar

verða hjá okkur um helgina, fimmtudag, föstudag og laugardag, 3.-5. nóvember.

**Montana**

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

Skeifan 6 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## **Black Editions** á tilboði, hér eru nokkur verðdæmi:





### Y stóll CH 24

| | Verð nú | Verð áður |
|---|---|---|
| **Y stóll CH 24** svört eik/svört sessa | 109.500.- | ~~137.800.-~~ |
| **Y stóll CH 24** svart beyki/natur sessa | 85.900.- | ~~107.500.-~~ |

### Wing chair CH445

| | Verð nú | Verð áður |
|---|---|---|
| **Wing chair CH445** svartir fætur/svart leður | 699.800.- | ~~878.000.-~~ |
| **Wing chair CH445** svartir fætur/Fiord efni | 465.500.- | ~~584.000.-~~ |

**Benny the Weaver** mun flétta Y-stóla um helgina

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 2. nóvember 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.707,7 -0,55%
(-10,03)

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti





## Uppgjörin í einni súpu

Félög á aðallista Kauphallar Íslands eru byrjuð að birta uppgjör sín. Mikil spenna er á markaði þegar uppgjörin koma og við birtingu endurmeta markaðsaðilar virði félaganna í verðmatsmódelum sínum.

Í framhaldi af því verða oft verðbreytingar á félögunum. Sjaldan hafa uppgjörin streymt jafn hratt inn og nú og fjárfestar og greinendur haft jafn lítinn tíma til að gera sér grein fyrir innihaldi þeirra og hvaða upplýsingar þau hafa að geyma. Þannig birtu átta félög eða helmingur félaga á aðallista Kauphallarinnar uppgjör sín á tveimur dögum. Á fjármálamarkaði heyrast þær raddir að þetta sé of mikið af hinu góða og dreifingin yfir uppgjörstímabilið mætti vera meiri svo menn komist yfir að meta upplýsingarnar og taka fjárfestingaákvarðanir í kjölfar birtingar.

## Aukaútgreiðsla

N1 hefur boðað til hluthafafundar 21. nóvember næstkomandi. Á fundinum liggur fyrir tillaga um að greiða hluthöfum 1,3 milljarða með lækkun hlutafjár.

N1 gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu árið 2011 og var í kjölfarið skráð á markað. Fljótlega eftir skráningu var hlutafé lækkað og greitt til hluthafa. Markmið félagsins er að eiginfjárhlutfallið sé um 40%. Afkoma félagsins hefur verið góð á þessu ári og betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, í því ljósi liggur fyrir tillaga um að greiða það fé sem umfram er, miðað við markmið félagsins, til hluthafa. Aðhald hefur verið í rekstri félagsins og það ásamt auknum tekjum vegna aukins fjölda ferðamanna hefur skilað sér í afar góðri afkomu.

## Nonference á Airwaves

Samhliða tónlistarhátíðinni Airwaves verða umræður um tónlistargeirann undir heitinu Nonference á vegum Iceland Music Export, IMX. Margt spennandi er á sveimi í tónlistarheiminum og IMX vinnur að því að byggja upp tónlistarklasa til að íslenskt tónlistarfólk geti skipst á reynslu og samböndum til að efla greinina. Margt fróðlegra erinda mun verða í Hörpu á morgun og hinn fyrir þá sem vilja læra meira um iðnaðinn.

## 160
**MILLJÓNIR**

Metfjöldi þingmanna lætur nú af störfum og því gæti verið slegið met í heildarupphæð biðlauna. Nú lætur 31 þingmaður af störfum. Þeir eiga rétt á allt að 160 milljónum króna í biðlaun. Þeir sem hafa setið í eitt kjörtímabil eiga rétt á þremur mánuðum í biðlaun, en þeir sem hafa verið lengur, eiga rétt á sex mánuðum.

## 56,4
**MILLJARÐAR**

Heildarviðskipti með hlutabréf í október námu 56.369 milljónum eða 2.684 milljónum á dag í Kauphöll Íslands. Það er 6 prósenta hækkun frá fyrri mánuði, og 3 prósenta hækkun á milli ára. Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group eða fyrir 13.601 milljón. Heildarviðskipti með skuldabréf námu 112 milljörðum í síðasta mánuði.

**31.10.2016**

**Ég var búinn að leggja drög að því hvernig með öflugri kosningabaráttu við hefðum getað hækkað fylgið um kannski fjögur prósentustig og svo kannski tvö í viðbót í kosningunum sjálfum. Við hefðum þá getað gert ráð fyrir 18 til 19 prósenta fylgi.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson









## fasteignir





# Austurstræti 18
**101 Reykjavík**

Tvær skrifstofur á 4. og 5. hæð

Leigðar báðar saman eða í sitt hvoru lagi

Önnur skrifstofan er 100 fm og hin 111 fm

Eldhúsaðstaða og snyrting
í báðum rýmum

Björt og opin skrifstofurými.

Lyfta í húsinu.

**Aðeins langtímaleiga kemur til greina.**

**Laus til leigu frá næstu áramótum.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Holtsvegur 37



**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 2.nóv. kl.12:30-13:00**



**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Nýbygging í Urriðaholti, 2. hæð

Þriggja herbergja íbúð

Sjávarútsýni

Lyftuhús, stæði í bílageymslu

Verð: **41,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Arahólar 2
**2ja herbergja íbúð á 3. hæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 62,8 fm. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Arahóla. Góðar flísalagðar svalir til vesturs með svalalokun og góðu útsýni. Búið er að endurnýja innréttingar í eldhúsi og opnanleg fög íbúðar, ofnar íbúðar eru nýir og nýlegt gler í svalalokun. Snyrtileg sameign.
**Verð 24,9 millj.**

## Melhagi 8
**4ra herbergja risíbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og vel skipulögð 87,5 fm. risíbúð með svölum til suðausturs í fjórbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Eldhús með hvítum viðarinnréttingum. Í ár var skipt um stærstan hluta glers og gluggar málaðir. Raflagnir og tafla fyrir íbúð eru nýleg. Frábær staðsetning, stutt í skóla, íþróttasvæði KR og aðra þjónustu.
**Verð 43,9 millj.**

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík**

### Gamla höfnin – Vesturbugt

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 12. október 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 20. október 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gömlu hafnarinnar - Vesturbugtar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri göngubryggju austan við lóð Grandagarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastagötu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Krókháls 13 og Laxalón 2 og 4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. september 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. september 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðanna nr. 13 við Krókháls og 1 og 4 við Laxalón. Í breytingunni felst að lögun og byggingarreitur lóðarinnar nr. 13 við Krókháls er breytt en stærðir verða óbreyttar, lóð nr. 2 við Laxalón er stækkuð og lóð nr. 4 við Laxalón er minnkuð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 31. október 2016 til og með 12. desember 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 12. desember 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 31. október 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## tilkynningar

**Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2028 – Breyting á Kirkjubæjarklaustri vegna gestastofu.**

Unnin hefur verið tillaga að breytingu aðalskipulags Skaftárhrepps 2012-2028, gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð. Í breytingunni felst að bætt er við nýju stofnanasvæði (S12) við Sönghól sunnan við Skaftá en reiturinn er ætlaður fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

**Deiliskipulag – Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs við Sönghól sunna Skaftár**

Samhliða breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs er auglýst tillaga að deiliskipulagi svæðisins. Markmið deiliskipulagsins er að skapa umgjörð um gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem staðsetning endurspeglar sýnileika, víðsýni að jökli og nánasta umhverfi.

Tillögur þessar liggja frammi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is, frá 1. nóvember 2016 til og með 15. desember 2016. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Klaustur eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn **15. desember 2016.**

***Vigfús Þór Hróbjartsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Mýrdals- og Skaftárhreppi***





Logi Knútsson, prentari og Leedsari

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Meira en þúsund ára samanlögð reynsla

**Ingrid Kuhlman sýnir heimildarmyndina Hamingjan sanna! í Gerðubergi í kvöld. Í myndinni ræðir hún við nokkra hressa eldri borgara sem hafa upplifað ýmislegt á lífsleiðinni og deila því sem þau gera daglega til að viðhalda lífshamingju sinni og auka hana.**

Þetta er heimildarmynd þar sem ég ræddi við þrettán manns á aldrinum sjötíu til níutíu og eins árs um hamingjuna – sem sagt hvað er það sem skapar vellíðan og hamingju og hvað við getum lært af fólki sem hefur upplifað ýmislegt á langri lífsleið, bæði jákvæða atburði og auðvitað líka mótlæti og erfiðleika. Þarna kemur ýmislegt fróðlegt í ljós sem fólk talar um í sambandi við hamingjuna," segir Ingrid Kuhlman sem sýnir mynd sína Hamingjan sanna! í Gerðubergi klukkan átta í kvöld.

„Ég hafði samband við Félag eldri borgara í Reykjavík og Garðabæ, Kvenfélagið úti á Álftanesi og ég fékk ábendingar frá bekkjarsystkinum því þetta er lokaverkefnið mitt í jákvæðri sálfræði. Ég fékk ábendingar um hamingjusama einstaklinga til að finna út hvað þeir gera til að auka eigin vellíðan og viðhalda henni."

Hvaða atriði eru það sem þetta fólk nefnir helst?

„Eitt af því sem allir nefna er að rækta tengslin við maka, börn, fjölskyldu, fólkið í kringum okkur.

Annað atriði er að hreyfa sig, það skiptir svo miklu máli að vera virkur, hvort sem við förum að vinna úti í garði, dönsum eða förum í göngutúr, sund eða jóga.

Þriðja atriðið sem flestir nefna er að kunna að njóta lífsins, sem sagt að taka eftir og veita innri líðan og upplifun athygli, í stað þess að fara í gegnum lífið án þess að taka virkilega eftir og njóta litlu hlutanna.

Í fjórða lagi kemur líka mjög sterkt fram að fólk talar um mikilvægi þess að halda áfram að læra. Til dæmis er einn sem er níutíu og eins árs og hann er enn þá með nýjasta forritið í grafískri hönnun, önnur fór á golfnámskeið sextíu og átta ára, þetta er allt saman fólk sem tók upp ný áhugamál, heldur áfram að læra og bæta sig.

Í fimmta lagi tala mjög margir um mikilvægi þess að gera eitthvað gott fyrir aðra, láta gott af sér leiða og gefa til samfélagsins.

Í sjötta lagi er þakklætið. Allir sem ég talaði við hafa tileinkað sér mjög þakklátt lífsviðhorf. Fólk segir einfaldlega „við verðum ekki alltaf hér og það má ekki taka lífinu sem sjálfsögðum hlut, það þarf að þakka fyrir hvern dag sem maður fær"."

Er rætt við eitthvað óhamingjusamt fólk í myndinni?

„Það væri náttúrulega gaman líka að taka viðtöl við fólk sem er ekki hamingjusamt og bera það saman við þessi sex atriði. Fólk sem er ekki hamingjusamt er kannski ekki að hreyfa sig, ekki að þakka fyrir litlu hlutina og svo framvegis, en það er kannski efni í aðra mynd. Í jákvæðri sálfræði erum við frekar að rannsaka og skoða það sem er þess virði, sem sagt það sem fólk gerir vel og hvernig við getum aukið vellíðan frekar en hvernig við getum dregið úr vanlíðan.

Við þurfum kannski öll að læra af eldri kynslóðinni af því að það er allt of lítið hlustað á þessa kynslóð. Það er allt of oft verið að taka ákvarðanir um eldri borgara frekar en með þeim. Þetta er fólk sem hefur lifað lífinu og hefur sjötíu ára reynslu. Þetta er meira en þúsund ára reynsla sem þessir þrettán einstaklingar sem ég er að tala við hafa samanlagt," segir Ingrid að lokum.

stefanthor@frettabladid.is



Ingrid Kuhlman er þjálfari og ráðgjafi og jafnframt framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

> Þetta er meira en þúsund ára reynsla sem þessir þrettán einstaklingar sem ég er að tala við hafa samanlagt.

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sjöfn Jóhannesdóttir**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

er látin. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 13.

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða.

**Jóhannes Guðjónsson — Guðrún J. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Guðjónsson — Ólöf Guðmundsdóttir**
**Hrefna Guðjónsdóttir — Sigurður Sigurðsson**
**og ömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

**Jón Örn Ámundason**

framkvæmdastjóri,

lést á nýrnadeild Landspítalans mánudaginn 31. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Erna Hrólfsdóttir**
**Fanney Birna Jónsdóttir — Andri Óttarsson**
**Hrólfur Örn Jónsson — Hildur Guðný Káradóttir**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Elínar Ólafíu Finnbogadóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir einstaka alúð, umhyggju og umönnun.

**Helgi Valdimarsson — Jóna Ólafsdóttir**
**Sigríður G. Valdimarsdóttir — Óttar Ólafsson**
**Aðalheiður Valdimarsdóttir — Sveinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Ásvaldsdóttir**

frá Tröð í Önundarfirði,

lést laugardaginn 29. október. Útför hennar fer fram laugardaginn 5. nóvember kl. 14.00 frá Holtskirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásvaldur, Sigríður, Guðmundur Helgi, Sólveig Bessa, Guðný Hildur Magnúsarbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**Soffía Wedholm Gunnarsdóttir**

sem lést 26. október, verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

**Helgi Björnsson**
**Jóna Jóhannesdóttir Wedholm**
**Gunnar Wedholm Helgason — Þóra Björk Eysteinsdóttir**
**Ólöf Helgadóttir — Guðmundur J. Kristjánsson**
**Erlen Björk Helgadóttir — Kristinn Ottason**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Þórir Haukur Einarsson**

fyrrv. skólastjóri, Fiskinesi, Drangsnesi,

andaðist föstudaginn 21. október. Útförin fer fram frá Drangsneskapellu laugardaginn 5. nóvember kl. 14.

**Lilja Sigrún Jónsdóttir**
**Hólmfríður Þórisdóttir — Pétur Örn Pétursson**
**Þóra Þórisdóttir — Sigurður Magnússon**
**Guðbjörg Þórisdóttir — Ágúst Þór Eiríksson**
**Ásta Þórisdóttir — Svanur Kristjánsson**
**Einar Haukur Þórisson — Kristjana Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinbjörn Hjálmarsson**

Kirkjubæjarbraut 2, Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja fimmtudaginn 27. október 2016. Útförin fer fram laugardaginn 5. nóvember nk. frá Landakirkju í Vestmannaeyjum og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Erna Margrét Jóhannesdóttir**
**Guðrún Sveinbjörnsdóttir — Gunnlaugur Claessen**
**Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir — Sigurður Vignisson**
**Egill Sveinbjörnsson — Guðný Þórisdóttir**
**Ásdís Ingunn Sveinbjörnsdóttir — Kristján Þór Jakobsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásmunda Ólafía Ólafsdóttir**

(Ása)

áður til heimilis að Hæðargarði 35,

sem andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 18. október, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 4. nóvember klukkan 13.

**Erna Eiríksdóttir, Bragi G. Kristjánsson, Áshildur, Kristján, Styrmir, Guðbjörg og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Viggósson**

frá Ísafirði, Skipalóni 10, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold 22. október sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. nóv. kl. 13.00.

**Alda Garðarsdóttir**
**Helga Björk Guðmundsdóttir — Einar Már Jóhannesson**
**Kristín Þorbj. Guðmundsdóttir — Sigurður B. Sigurðsson**
**Sæmundur G. Guðmundsson — Íris Hrund Sigurðardóttir**
**Hafdís Erla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**Valborg Stella Harðardóttir**

Lundarbrekku 10, Kópavogi,

lést mánudaginn 24.október á Landspítalanum. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 4. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Eggert Þór Jóhannsson**
**Hörður Páll Eggertsson — Karen Ómarsdóttir**
**Anton Ingi Eggertsson — Þorgerður Jónsdóttir**
**Stefán J. Eggertsson — Jóhanna L. Brynjólfsdóttir**
**barnabörn**
**Pálína Harðardóttir**
**Kristín Harðardóttir**



HELGARSTEIKIN
Á FLOTTU
TILBOÐSVERÐI
GOÐA HRYGGUR FROSINN
Verð aðeins
1.699
Verð áður 1.999 kr. kg
Kr. kg.
GOÐI
SS fremstir fyrir bragðið
SS LÆRI FROSIÐ
Verð aðeins
1.199
Kr. k
NAUTALUNDIR ERLENDAR
Verð aðeins
3.999
Kr. kg.
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðaustankaldi og rigning eða slydda í dag, þurrt að mestu norðaustanlands. Hiti 0 til 8 stig, hlýjast syðst.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 3° |
| ↓ 5 | ↙ 10 | ← 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 6° | 2° |
| ← 9 | ↙ 5 | ← 11 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 1° |
| ← 5 | ← 5 | ↗ 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | -2° |
| ↓ 4 | ↓ 3 | ↓ 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. merki
6. í röð
8. augnhár
9. hljóma
11. hreyfing
12. gljáun
14. gáleysi
16. býli
17. mjög
18. hætta
20. tvíhljóði
21. vangi

**LÓÐRÉTT**
1. könnun
3. í röð
4. hringur
5. hvíld
7. lítilræði
10. siða
13. kvk nafn
15. spírun
16. skrudda
19. ónefndur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tákn, **6.** rs, **8.** brá, **9.** óma, **11.** ið, **12.** fágun, **14.** vangá, **16.** bæ, **17.** all, **18.** ógn, **20.** au, **21.** kinn.
**LÓÐRÉTT: 1.** próf, **3.** áb, **4.** kringla, **5.** náð, **7.** smávægi, **10.** aga, **13.** una, **15.** álun, **16.** bók, **19.** nn.

### Skák Gunnar Björnsson



Krahnstoever átti leik gegn Seyfert í Bitterfeld árið 1957.

**Hvítur á leik**

**1. Df6!! Kh7 2. Dxg7+ ½-½.** Í dag fara fram tvær síðustu umferðirnar á alþjóðlegu móti í Uppsölum í Svíþjóð. Þeir Dagur Ragnarsson, Oliver Aron og Vignir hafa allir staðið sig vel.

**www.skak.is:** Lokaumferðirnar í Uppsölum.

www.fi.is

Landvættaáskorunin 2017

Vilt þú verða Landvættur?
Náttúruæfingar í 10 mánuði

Ferðafélag Íslands kynnir aftur FÍ Landvætti sem stunda náttúruæfingar saman með það að markmiði að ljúka Landvættaáskoruninni á næsta ári.

Hópstjórar eru Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall

Kynningarfundur fimmtudaginn
3. nóvember kl. 20
í sal FÍ, Mörkinni 6.
Allir velkomnir.

Fossavatnsgangan: 50 km skíðaganga
Bláalónsþrautin 60 km fjallahjól
Urriðavatnssundið 2.5 km útisund
Jökulsárhlaup 33 km fjallahlaup




FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | MÖRKINNI 6 | 108 REYKJAVÍK | S. 568 2533 | WWW.FI.IS

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LYFJA
– Lifið heil

20 ára




# SOTHYS DAGAR Í LYFJU



## Ert þú að nota rétt krem fyrir þína húð?

**Frí húðgreining** í Lyfju Borgarnesi í dag frá kl. 15-18
og í Lyfju Lágmúla á morgun fimmtudag frá kl. 13-17.

### VEGLEG GJÖF!

Glæsileg taska ásamt veglegum kaupaukum fylgir með þegar þú verslar Sothys vörur fyrir 5.000 kr. eða meira.




Reykjanesbæ • Smáralind • Smáratorgi • Lágmúla • Borgarnesi    Lyfja.is




VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




Minnisbók m. litaðri teygju
**VILDARVERÐ: 719.-**
Verð: 1.199.-




Pennavasi
**VILDARVERÐ FRÁ: 2.999.-**
Verð frá: 3.999.-




Dagbækur 2017
**VILDARVERÐ FRÁ: 2.774.-**
Verð frá: 3.699.-




USB 3.0 minnislykill (8 GB)
**VILDARVERÐ FRÁ: 2.468.-**
Verð frá: 3.290.-




Kúlupenni Slider Edge
**VILDARVERÐ: 281.-**
Verð: 469.-




Tímaritabox úr pappa
**VILDARVERÐ: 280.-**
Verð: 509.-




Gulir minnismiðar (með límí)
**VILDARVERÐ FRÁ: 89.-**
Verð frá: 119.-




Bréfabindi (50 eða 80 mm kjölur)
**VILDARVERÐ: 479.-**
Verð: 799.-




Kúlutússpenni Energel, 0,7 mm
**VILDARVERÐ: 199.-**
Verð: 349.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 4. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

LAUGARÁSBÍÓ midi.is

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| DR. STRANGE 3D | 5.30, 8, 10.25 (P) |
| JACK REACHER 2 | 8, 10.30 |
| TRÖLL 2D ÍSL TAL | 6 |
| INFERNO | 10.30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

BENEDICT CUMBERBATCH · CHIWETEL EJIOFOR · TILDA SWINTON — "FLAT OUT COOL" ★★★★½ THE WRAP — ★★★★½ ENTERTAINMENT WEEKLY — ★★★★★ EMPIRE — MARVEL STUDIOS DOCTOR STRANGE

Tom Cruise er mættur aftur sem Jack Reacher — ★★★★ EMPIRE — ★★★★ N.Y. DAILY NEWS — TOM CRUISE JACK REACHER NEVER GO BACK

STORKS Sýnd með íslensku tali ★★★★ HOLLYWOOD REPORTER ★★★★ THE WRAP

Byggð á samnefndri metsölubók ★★★★½ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★ VARIETY Emily Blunt Justin Theroux THE GIRL ON THE TRAIN

BRIDGET JONES'S BABY ★★★★ EMPIRE ★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

Nýjasta stórmynd Clint Eastwood SULLY

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 6:30 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| --- | --- |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 9:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 7 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| --- | --- |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| --- | --- |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

SMÁRABÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ — Allt · Smárabíó · Háskólabíó · Væntanlegt

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

Kaupa miða

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. NÓVEMBER

### Viðburðir

**Hvað?** Lífsstílskaffi – Hamingjan sanna – heimildarmynd og spjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhús Gerðubergi, Borgarbókasafn

Rannsóknir í jákvæðri sálfræði hafa sýnt að fólk upplifir oft mestu hamingjuna eftir að það hættir að vinna. Í heimildarmynd Ingrid Kuhlman, Hamingjan sanna, sem verður sýnd af þessu tilefni, er rætt við 13 einstaklinga á aldrinum 70-91 árs um það hvernig þeir hafa skapað sér hamingjuríka tilveru. Viðtölin færa okkur heillandi innsýn í það sem viðmælendur gera í dag til að auka vellíðan sína.

**Hvað?** Dagar myrkurs
**Hvenær?** 2. nóv. til 6. nóv.
**Hvar?** Egilsstaðir

Dagar myrkurs er byggðahátíð Austurlands þar sem gervallur fjórðungurinn leggst á eitt til að gera íbúum og gestum þeirra glaðan dag í svartasta skammdeginu og lýsa það upp – ellegar undirstrika það með skírskotun í ríkan drauga- og vættaarf. Í fimm daga rekur svo hver viðburðurinn annan í hverju bæjarfélagi og ættu háir sem lágir að finna eitthvað við sitt hæfi í dagskránni. Listafólk leggur lóð sín á vogarskálarnar; tónlist og myndlist verða í öndvegi, hlaðborð og þjóðlegir réttir, kertaljós og kósístundir í sundlaugum, ljóðalestur, draugagangur og afturganga, bílabíó og ástardagar, sviðamessa, myrkra- og grímuböll, og stjörnum og norðurljósum fagnað svo eitthvað sé nefnt. Verslanir og þjónustuaðilar bjóða freistandi tilboð á vörum, veitingum og gistingu í tilefni daganna.



Tækifæri til að heyra Siggu Eyrúnu flytja hugljúf lög, m.a. af plötu sinni: Vaki eða sef í kvöld kl.21.00 í Græna herberginu, Lækjargötu.

**Hvað?** Allt um þarmaflóruna
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni

Birna G. Ásbjörnsdóttir næringarfræðingur fjallar um þarmaflóruna og hlutverk hennar með tilliti til andlegrar og líkamlegrar heilsu. Rannsóknir sýna fram á að heilbrigðar bakteríur í meltingarveginum bæta og efla heilsu okkar á margvíslegan hátt. Röskun á þessum bakteríum hefur oft á tíðum slæmar afleiðingar á heilsufar, jafnvel síðar á lífsleiðinni. Farið verður yfir hvað getur raskað þessum mikilvægu bakteríum en einnig hvað styrkir og eflir þær, fyrir börn og fullorðna.

**Hvað?** Stríðið í Sýrlandi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands

Opinn fundur á vegum HÖFÐA Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands miðvikudaginn 2. nóvember kl. 12.00-13.00 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Fundurinn er hluti af fundaröð Háskóla Íslands Fræði og fjölmenning. „Með því að þegja verður maður þátttakandi í þessu hörmulega stríði sem háð er á kostnað karla, kvenna og barna í Sýrlandi." Khattab al Mohammad flúði stríðið í Sýrlandi árið 2012 ásamt fjölskyldu sinni og fékk hæli hér á landi í janúar síðastliðnum. Khattab fjallar um Sýrland, sögu landsins, menningu og fjölbreytileika og veitir innsýn inn í hörmungar stríðsins, þar sem margir vina hans og ættingja dvelja enn. Fundarstjóri er Þórunn Ólafsdóttir, stofnandi Akkeris. Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum. Athygli er vakin á því að umfjöllun og myndefni fundarins er ekki fyrir viðkvæma.



Dagar myrkurs á Egilsstöðum er byggðahátíð Austurlands þar sem gervallur fjórðungurinn leggst á eitt til að gera íbúum og gestum þeirra glaðan dag í svartasta skammdeginu.

KING KOIL. DAGAR REKKJUNNAR

AÐEINS TVEIR DAGAR EFTIR!

20–40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AMERÍSKUM HEILSURÚMUM FRÁ KING KOIL.

NÚ ER TÆKIFÆRI Á AÐ TRYGGJA SÉR GOTT RÚM Á FRÁBÆRU VERÐI!

rekkjan HEILSURÚM

ARGH!!! 021116

BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
| --- | --- |
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Embrace Of The Serpen | 17:30 |
| Child Eater | 20:00, 22:00 |
| Ransacked | 20:00 |
| Fire At Sea | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Miss Peregrine's Home for Peculiar Children | 22:30 |

CHILD EATER · InnSæi The Power of Intuition

## Tónlist

**Hvað?** Sigga Eyrún og Hvíta kanínan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Fágætt tækifæri til að heyra Siggu Eyrúnu flytja hugljúf lög, m.a. af plötu sinni: Vaki eða sef, sem kom út í lok árs 2014. Með henni verður hljómsveitin Hvíta kanínan en hana skipa: Andri Ólafsson, bassi og raddir, Karl Olgeirsson, hljómborð og raddir, Ólafur Hólm, trommur og raddir, Stefán Magnússon, gítar og raddir. Þau munu spila lög af plötunni ásamt nýrra efni og spennandi tökulögum.

**Hvað?** Kjallara-djass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjassi á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-rytma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga í sviðsljósið og taka þátt. Píanó, harmóníka og gítar á staðnum. Gleðin í botn! Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

## Viðburðir

**Hvað?** Að missa makann sinn.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Háteigskirkju
Hulda Guðmundsdóttir fjallar um makamissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Hún mun einnig kynna starf í stuðningshópum og gefst ekkjum og ekklum kostur á að skrá sig í makamissishópa að erindinu loknu. Að missa maka sinn er með alvarlegustu áföllum sem nokkur verður fyrir. Margir upplifa djúpa einsemd á þessum tímamótum og eiga erfitt með að finna lífi sínu tilgang þegar „hinn helmingurinn“ er dáinn. Hulda hefur starfað fyrir Nýja dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð í nokkur ár og leitt starf í stuðningshópum þeirra sem misst hafa maka, en sjálf hefur hún þá reynslu og segir að það skipti máli fyrir starfið. Ný dögun og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins hafa í nokkur ár staðið saman að starfi stuðningshópa og svo er einnig að þessu sinni. Starfið er tvískipt. Annars vegar fyrir fólk sem missir maka í blóma lífsins og hins vegar á efri árum. Fólk velur sjálft hvorum hópnum það tilheyrir. Tekið verður við skráningum að loknu erindi Huldu og hún mun kynna þetta starf nánar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Tíminn í landslaginu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið við Hverfisgötu
Tíminn í landslaginu, fyrirlestur Jóns Proppé, verður fluttur í Safnahúsinu við Hverfisgötu miðvikudaginn 2. nóvember frá 12 til 13. Í fyrirlestrinum ræðir Jón tilurð og forsendur sýningar sinnar í Listasafni Árnesinga árið 2013 þar sem verk Arngunnar Ýrar Gylfadóttur voru sett í samhengi verka Ásgríms Jónssonar. Fyrirlesturinn er þriðji fyrirlesturinn í fyrirlestraröð Listfræðafélagsins í samvinnu við Safnahúsið nú í haust. Röðin ber yfirheitið STEFNUMÓT og í henni er áhersla lögð á sýningar sem félagar Listfræðafélagsins hafa staðið fyrir á undanförnum árum og eiga það sameiginlegt að stefna saman listamönnum af ólíkum kynslóðum. Ásgrímur Jónsson (1876-1958) var frumkvöðull í íslenskri landslagslist við upphaf tuttugustu aldar, meistari ljóss og lita sem ferðaðist um sveitir landsins með málarastriga og trönur. Landslagshefðin hvarf að miklu leyti á áttunda áratugnum þegar nýlistin var að ryðja sér til rúms en smátt og smátt hafa sumir yngri listamenn fetað sig aftur á þær slóðir. Einn af þeim er Arngunnur Ýr (1962) sem hefur leitað á marga þá staði sem Ásgrímur málaði áður, en sameinar þá líka stundum við ímyndað landslag eða fjallalandslag frá Kaliforníu þar sem hún býr þegar hún er ekki að ganga á fjöll á Íslandi eða mála á vinnustofu sinni í hrauninu fyrir ofan Hafnarfjörð. Í fyrirlestrinum ræðir Jón forsendur sínar við gerð sýningarinnar og uppsetningu, þar sem settar voru upp tvær aðskildar sýningarheildir sem drógu jafnframt fram samband verka þessara tveggja málara hvorra við önnur og í samhengi við íslenskt landslagsmálverk.

**Hvað?** Parísarsamningurinn um loftslagsmál – Hálftómt eða hálffullt glas?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Fyrirlesari: Sebastien Duyck LL.M. og rannsakandi á sviði loftslags-, umhverfis- og norðurslóðaréttar og réttinda minnihlutahópa. Fyrirlesturinn verður á ensku. Fundarstjóri er Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og forseti lagadeildar HÍ. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.


Hulda Guðmundsdóttir fjallar um makamissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í Safnaðarheimili Háteigskirkju í kvöld kl. 20.00.



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur





**ÍSSKÁPASTRÍÐ**
Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins. Missið ekki af þessu!

MAGNAÐ
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



NÝTT Á STÖÐ 2
**PURE GENIUS**
Vandaðir nýir þættir um James Hill sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu læknamiðstöð í heimi. Til að allt gangi upp þarf hann að fá færasta en jafnframt umdeildasta skurðlækni heims í lið með sér.

**GREY'S ANATOMY**
Hörkuvinsælir dramaþættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



HEIMILI HBO
**DIVORCE**
Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



**ROME**
Frábærir þættir frá framleiðendum Sopranos sem gerast á tímum Rómaveldis og fjalla um ástir og afbrýði, svik og svall Sesars keisara og annarra fyrirmenna.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.10** Atvinnumennirnir okkar
**11.50** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** Neyðarlínan
**13.25** Who Gets The Last Laugh
**13.50** The Comeback
**14.25** Mr. Selfridge
**15.15** Junk Food Kids: Who's to Blame
**16.05** Baby Daddy
**16.30** Mike and Molly
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45 Ísskápastríð** Nýr og skemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Í hverjum þætti fá Eva og Gummi til sín keppendur sem þau skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þau að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni fyrir forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Keppendur og liðsstjórar þurfa svo að vinna innan ákveðins tímaramma til að töfra fram þrjá girnilega rétti. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran.
**20.20** Grey's Anatomy
**21.10 Divorce** Gamansamur þáttur frá HBO þar sem Sarah Jessica Parker er í hlutverki Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmannsins.
**21.40** Pure Genius
**22.30** Nashville
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.15** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.45** StartUp
**02.40** Stalker
**03.25** Mad Dogs
**04.20** Battle Creek
**05.05** Crimes That Shook Britain

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Meistaradeildarmörkin
**08.05** Þýsku mörkin
**08.35** Premier League
**10.20** Premier League Review
**11.15** Einvígið á Nesinu 2016
**12.05** UEFA Champions League
**13.45** UEFA Champions League
**15.25** UEFA Champions League
**17.05** UEFA Champions League
**18.45** Meistaradeildarmörkin
**19.15** Meistaradeildarmessan
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.15** Any Given Wednesday
**22.45** UEFA Champions League
**00.35** UEFA Champions League

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.30** Premier League
**11.10** Premier League
**12.55** Messan
**14.30** Domino's-deild kvenna
**16.25** Samsung Unglingaeinvígið
**17.05** Spænski boltinn
**18.45** Spænsku mörkin
**19.15** Meistaradeildarmessan
**19.40** UEFA Champions League
**21.45** UEFA Champions League
**23.35** UEFA Champions League
**01.25** Domino's-deild kvenna

## STÖÐ 3

**17.45** The League
**18.10** Mike and Molly
**18.30** New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Dagvaktin
**20.20** Lögreglan
**21.35** Flash
**22.20** Rome
**23.15** Klovn
**23.40** True Detective
**00.45** Fóstbræður
**01.10** Dagvaktin
**01.35** Lögreglan
**02.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Lína Langsokkur
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Zigby
**09.10** Ævintýraferðin
**09.25** Latibær
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.37** Stóri og litli
**12.49** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Zigby
**13.10** Ævintýraferðin
**13.25** Latibær
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir
**16.37** Stóri og litli
**16.49** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Zigby
**17.10** Ævintýraferðin
**17.25** Latibær
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Börnin í Ólátagarði



Doddi litli og Eyrnastór kl. 47.47 14.47 og 18.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.25** Sanderson Farms Championship
**11.25** Sanderson Farms Championship
**14.25** Golfing World
**15.15** Sanderson Farms Championship
**18.25** PGA Tour
**19.20** Golfing World
**20.10** HSBC Champions
**23.10** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30** Finders Keepers
**12.00** Out of Africa
**14.40** She's Funny That Way
**16.15** Finders Keepers
**17.45** Out of Africa
**20.25** She's Funny That Way
**22.00 Mortdecai** Spennumynd með gamansömu ívafi með Johnny Depp, Ewan McGregor og Gwyneth Paltrow. Gjaldþrota lávarðurinn og listaverkamiðlarinn Charles Mortdecai er fenginn til að hafa uppi á stolnu verki eftir Goya sem gæti líka vísað honum á gullfjársjóð sem nasistar komu undan á sínum tíma. Það er alveg óhætt að fullyrða að Mortdecai fari sínar eigin leiðir í lífinu. Þessi sérstaki yfirstéttarmaður hegðar sér út á við í takt við nafnbót sína og er alltaf fágaður og fínn, en vegna yfirvofandi fjármagnsskorts er hann gjarn á að líta fram hjá lögum og reglum.
**23.50 The Look of Love** Myndin segir sögu Pauls Raymond en hann var á sínum tíma ríkasti og jafnframt umdeildasti maður Bretlands.
**01.35 Joy Ride 3: Roadkill** Spennutryllir frá árinu 2014 sem fjallar um kappakstursmennina Jordan og Austin sem ásamt föruneyti sínu keyra frá Kansas til Kanada til þess að etja kappi í kappaksturskeppninni Road Rally 1000. Hópurinn ákveður að stytta sér leið um þjóðveg 17, þrátt fyrir aðvaranir vörubílstjórans Barry.
**03.15** Mortdecai

## RÚV

**17.15** Framandi og freistandi II
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Veður
**19.30** Ísland - Tékkland
**21.25** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Valið 2016
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Younger
**14.20** Jane the Virgin
**15.05** The Grinder
**15.25** Speechless
**15.50** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivor
**21.00** Chicago Med
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Jericho
**00.35** Sex & the City
**01.00** This Is Us
**01.45** MacGyver
**02.30** Chicago Med
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


HARPA
BJÖRK
DIGITAL
STAFRÆNN
HEIMUR
BJARKAR
02.11–30.12
MIÐASALA Á HARPA.IS
Styrktaraðilar sýningar í Hörpu
ICELANDAIR
BLUE LAGOON
ICELAND
VALITOR
REYKJAVÍK
LOVES
culture
AMD
Bowers & Wilkins
VIVE



Sindri hefur verið að vinna með hjólabrettamerkinu Alien Workshop. Hann hefur gert boli og hjólabrettaplötur með merkinu. MYND/INGIBJÖRG BIRGISDÓTTIR

# Leikið með andstæða póla

Í september gaf tónlistarmaðurinn **Sin Fang** út plötuna Spaceland en á henni leikur hann sér með myrka texta yfir hressa poppslagara. Á plötunni er nokkrir góðir gestir eins og Jónsi, Sóley og Jófríður Ákadóttir.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Sindri Már Sigfússon eða Sin Fang eins og hann kallar sig þegar hann gerir tónlist sóló, gaf nú nýlega út sína fjórðu sólóplötu í fullri lengd, Spaceland, en hann hefur einnig gefið út slatta af EP-plötum og öðru styttra efni – gaf til að mynda út EP-plötuna Space Echoes núna fyrir næstum viku, auk þess sem hann er„frontman“ í hljómsveitinni Seabear og orðið á götunni segir að hann leiki stórt hlutverk í dularfullu hljómsveitinni Gangly (sem er kannski ekkert svo dularfull lengur). Spaceland er á yfirborðinu hress og poppuð plata en ef vel er hlustað kemur í ljós að undir ljósu yfirborðinu má finna talsvert dekkri hluti.

Síðasta plata Sindra, Flowers, kom út árið 2013, svo að hann hefur tekið sér ágætis tíma í að vinna að nýju plötunni.

„Já, þetta myndi líklegast teljast erfið fæðing. Ég samdi að minnsta kosti mjög mörg lög en það enduðu bara 9 á plötunni. Það tók mig tíma að finna tóninn sem ég var búinn að heyra fyrir mér og hljóðblöndunin var ekki jafn laus í reipunum og oft hefur verið hjá mér,“ segir Sindri aðspurður hvort það hafi verið erfitt að vinna þessa nýju plötu. Sindri virðist hafa fundið þennan hljóm og hann er nokkuð ferskur, Spaceland er dálítið öðruvísi en fyrri verk hans.

„Þetta er í rauninni fyrsta breið-



Sindri hefur gefið út fjórar plötur sem Sin Fang auk þess að vera með slatta af öðrum járnum í eldinum. MYND/INGIBJÖRG BIRGISDÓTTIR

# Lítil hrollvekja sem miðar hátt

**Child Eater**
★★★☆☆

**Leikstjóri:** Erlingur Óttar Thoroddsen
**Framleiðendur:** Perri Nemiroff, Luke Spears, Pétur Sigurðsson
**Handrit:** Erlingur Óttar Thoroddssen
**Kvikmyndataka:** John Wakayama Carey
**Tónlist:** Einar Sv. Tryggvason
**Leikarar:** Cait Bliss, Colin Critchley, Jason Martin

Seint verður sagt að Child Eater styðjist við frumlegan efnivið en hérna skín það algjörlega í gegn að kvikmyndagerðarmaðurinn Erlingur Óttar Thoroddsen hefur mikla ástríðu fyrir hrollvekjugeiranum. Þetta er fyrsta kvikmyndin hans í fullri lengd (sem á rætur sínar að rekja til samnefndrar stuttmyndar eftir hann), og gerð fyrir lítið fjármagn, en leikstjórinn nýtir hvern eyri til þess að segja dökka, litla „ævintýrasögu“ og leikur sér að kunnuglegum formúlum annað slagið.

Í stuttu máli segir sagan frá ungum dreng að nafni Lucas og barnapíunni hans, Helen. Kvöldið þeirra virðist í fyrstu vera ósköp viðburðalítið en þegar líður að háttatímanum byrjar Lucas að kvarta undan drungalegum hljóðum í fataskápnum sínum. Þegar hann er skyndilega horfinn fer Helen að velta fyrir sér hvort sögusagnir í bænum séu sannar; að það gangi laus geðbilaður maður sem gæðir sér á augum ungra barna. Þeirra nótt – og martröð – er bara rétt að byrja.

Ef það er eitthvað sem einkennir sterka hrollvekju, þá er það grípandi andrúmsloft. Það skaðar að sjálfsögðu ekki ef leikarar eru upp á sitt besta, þemun athyglisverð og hryllingurinn vekur gæsahúð. Í ódýrari geiramyndunum má fyrirgefa margt ef þær ganga upp á þessum sviðum.



„Framleiðslufjármagnið hefur verið takmarkað en Child Eater miðar hátt og ætti engu að síður að geta fundið sinn aðdáendahóp,“ segir meðal annars í dómi um myndina.

Child Eater gerir það næstum því, en heldur lífi í sér með því að spila með einfaldleikann og bjóða upp á hressandi nýtt „bíóskrímsli“.

Erlingur fiktar við skemmtilegar pælingar með myndmálinu og sýnir að hann hefur örugg tök á bæði hljóðlátum hryllingsstíl og subbulegum hlaupagangi. Kvikmyndatakan og tónlistin gerir líka heilmikið fyrir óhuggulegu stemninguna sem sóst er eftir. Í þokkabót heldur myndin beinskeyttri keyrslu án þess að hægt sé of mikið á. Heildarlengdin rétt slær upp í 80 mínútur og hefði varla þolað það að vera mínútu lengri, þrátt fyrir að það hefði mátt gera aðeins meira við persónurnar á þessum mínútum.

Umgjörðin er í lagi (sömuleiðis förðunarvinnan, hún er geggjuð) og „ódýri“ bragurinn hefur vissan sjarma, nema þegar kemur að t.d. óslípaðri hljóðvinnslu, sem hér hefði mátt fara betur yfir í lykilatriðum. Almennt séð eru leikararnir býsna sterkir, þó það komi stöku sinnum fyrir að viðbrögð persóna séu óvenju róleg miðað við hryllilegustu aðstæður. En Cait Bliss kemur þokkalegum persónuleika til skila í hlutverki Helen og Colin Critchley gæti varla verið viðkunnanlegri í hlutverki Lucasar litla. Aðrir leikarar gera öðrum íbúum bæjarins ásættanleg

ÉG HEF ALLTAF VERIÐ HRIFINN AF ÞEIM ANDSTÆÐUM, ÞAÐ ER AÐ SEGJA POPPUÐ TÓNLIST MEÐ „BLEAK“ TEXTUM.

skífan sem ég gef út sem er algjörlega byggð á raftónlist. Svo er þetta líklega poppaðasta platan mín hingað til – ég held að lagasmíðarnar séu nú svipaðar en útsetningar og sánd er líklega það poppaðasta sem ég hef gert.“

Eru einhver þemu eða konsept sem þú ert að vinna með á þessari plötu? „Textarnir eru með sjálfshjálparþema og hljóðheimurinn litast dálítið af þeim takmörkunum sem ég setti sjálfum mér, að nota bara „raftónlistarhljóðfæri“, hljómborð, samplera og tölvu.“

Platan er bæði svolítið „bleak“ en á sama tíma poppuð. Er það meðvituð pæling eða stílbragð hjá þér eða er þetta bara þinn stíll?

„Já, ég hef alltaf verið hrifinn af þeim andstæðum, það er að segja poppuð tónlist með „bleak“ textum. Annars urðu lögin og textarnir eiginlega alltaf til í sitthvoru lagi.“

Nú eru nokkrir góðir gestir með þér á plötunni. Geturðu aðeins sagt hverjir það eru og hvers vegna akkúrat þessir gestir? „Mig langaði til að vera með gestasöngvara með mér í nokkrum lögum. Þetta er allt bara eitthvert fólk í kringum mig sem vill svo til að er snillingar. Jónsi [úr Sigurrós] var kópródúsent á plötunni, við Sóley [sem einnig spilar með Sindra í Seabear] höfum spilað saman í hljómsveitum og ferðast út um allt í mörg ár, við Jófríður [Ákadóttir söngkona í Samaris, Pascal Pinion, Gangly og sóló sem JFDR] höfum verið að vinna saman seinustu ár að ýmsu og Farao [norsk tónlistarkona] kynntist ég þegar hún var hérna á Íslandi að taka upp plötu með vini mínum.

Alex Somer og Jónsi voru kópródúsentar, við tókum tvær vikur af upptökum saman og gáfu þeir mér góð ráð. Ég mixaði plötuna með Styrmi Hauks.“

Verða ekki alveg örugglega útgáfutónleikar einhvern tíma? „Jú, ætli það ekki bara. Þarf að fara að spá í því.“

Eitthvað annað í deiglunni sem tengist útgáfunni? „Jú, síðasta plata sem ég gerði kom út í forsölu sem hjólabretti frá Alien Workshop. Í þetta skiptið ætlum við að gera langermaboli í samstarfi við Alien Workshop.“

skil en skilja ekkert eftir sig, nema Jason Martin, sem er æðislega ógeðfelldur sem skúrkurinn sjálfur. Það er ekki mikið sýnt af honum en gervið og útlitið er nógu minnisstætt til þess að selja óhugnaðinn og nærveruna, ef andardrátturinn er ekki þegar búinn að því.

Það leynir sér kannski ekki að framleiðslufjármagnið hefur verið takmarkað en Child Eater miðar hátt og ætti engu að síður að geta fundið sinn aðdáendahóp. Þó svo að innihaldið risti ekki djúpt þykir líklegt að titilpersónan sjái til þess að einhverjir áhorfendur eigi ekki eftir að sofa vært að henni lokinni. Fantafín frumraun.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Gott andrúmsloft og hressilega ógeðfelldur skúrkur bæta upp fyrir ýmsa galla. Einföld og prýðilega samsett hrollvekja frá efnilegum leikstjóra.

# Adele sama þótt hún túraði aldrei aftur

Ég myndi vilja halda áfram að senda frá mér plötur, en mín vegna væri allt í lagi ef ég myndi aldrei heyra fagnaðarlæti áhorfenda aftur,“ segir breska tónlistarkonan Adele í viðtali við Vanity Fair.

Nú hillir undir lokin á löngu hljómleikaferðalagi söngkonunnar, sem hófst í febrúar og lýkur síðar í þessum mánuði í Bandaríkjunum. Þegar ferðalaginu lýkur mun Adele hafa komið fram á alls 107 tónleikum á þessum níu mánuðum.

„Ég fer einfaldlega í þessi ferðalög til að sjá alla aðdáendurna sem hafa stutt við bakið á mér,“ segir hún og bætir við að henni sé alveg sama um peningana sem hún vinnur sér inn með því að koma fram á tónleikum. „Ég er bresk og við erum ekki þannig innrætt að við þurfum sífellt að vera að græða peninga.“

Adele segist enn fremur mun meira umhugað um sín persónulegu sambönd en tónleikaferðalög. „Ef sambönd mín við son minn eða kærasta líðu fyrir tónleikaferðalögin myndi ég hætta þeim undir eins. Líf mitt er mér mikilvægara en allt sem ég vinn við því hvernig í skollanum ætti ég að semja efni á plötu ef ég ætti mér ekkert líf?“

ÉG ER BRESK OG VIÐ ERUM EKKI ÞANNIG INNRÆTT AÐ VIÐ ÞURFUM SÍFELLT AÐ VERA AÐ GRÆÐA PENINGA.

Í sama viðtali við Vanity Fair talar Adele einnig um fæðingarþunglyndi sem hún glímdi við eftir fæðingu sonar hennar, Angelos, fyrir fjórum árum.



Adele metur persónuleg sambönd sín meira en vinnuna.




HAUST HÁTÍÐ!
ALLAR VÖRUR
TAKTU 3
BORGAÐU FYRIR 2
VIÐ GEFUM ÞÉR ÓDÝRUSTU VÖRUNA
Dressmann®
DRESSMANN.COM
Kringlan 5680800 / Smáralind 5659730 / Smáralind XL 5650304 / Glerártorg 4627800

HÚSGAGNA HÖLLIN
Bæklingurinn kemur með Póstinum í dag
SÓFAR TAXFREE
Allir sófar á taxfree tilboði*

KIRUNA
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 x 90 x 78 cm
80.637 kr. ~~99.990 kr.~~
* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.
Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

EASY
Nettur og skemmtilegur tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 145 x 85 cm
145.153 kr. ~~179.990 kr.~~

DEVON
Horntungusvefnsófi. Geymsla undir tungu og í armi.
Stærð: 244 x 225 x 82 cm
217.734 kr. ~~269.990 kr.~~
HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100

ALLTAF VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store · Google Play · Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


Hrefna Sætran segir það hafa verið frábært að vinna með Sigga Hall við þættina Ísskápastríð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Dæmir með æskuhetjunni sinni

**Meistarakokkarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall bregða sér í hlutverk dómara í matreiðsluskemmtiþáttunum Ísskápastríð sem hefja göngu sína í kvöld. Hrefna hefur verið aðdáandi Sigga frá unga aldri.**

„Við Siggi höfum auðvitað þekkst í nokkur ár þar sem við erum í sama bransa, en þetta er í fyrsta skipti sem við vinnum svona saman og það er virkilega gaman að vinna með honum. Siggi er frábær,“ segir meistarakokkurinn Hrefna Sætran um annan meistarakokk, Sigga Hall, en svo skemmtilega vill til að þau Hrefna og Siggi skipa saman hlutverk dómara í nýjum matreiðsluskemmtiþáttum sem hefja göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir nefnast Ísskápastríð og er stýrt af Evu Laufeyju Kjaran Hermannsdóttur og Guðmundi Benediktssyni, eða Gumma Ben, knattspyrnu- og íþróttafréttamanninum, sem vann sig meðal annars inn í hug og hjörtu heimsbyggðarinnar með ástríðuþrungnum lýsingum sínum á leikjum á EM í Frakklandi í sumar.

Eins og heyra má á Hrefnu er hún yfir sig ánægð með að fá tækifæri til að vinna með Sigga Hall í þessum nýju sjónvarpsþáttum, enda hefur hún verið aðdáandi hans frá unga aldri. „Þegar ég var lítil var ég rosalega hrifin af Sigga Hall eins og svo margir aðrir og tók alla sjónvarpsþættina hans upp á VHS-spólur og lá svo heima og horfði á þá endalaust. Ef ég var veik heima horfði ég sko ekki á neinar teiknimyndir heldur matreiðsluþætti með Sigga Hall,“ segir Hrefna og hlær. Hún minnist ákveðins þáttar sem Siggi sá um í sjónvarpinu um jólaleytið þegar Hrefna var níu ára gömul, þá þegar orðin afar áhugasamur og metnaðarfullur kokkur þrátt fyrir ungan aldur. „Ég var svo uppnumin af þessum jólaþætti hans Sigga og uppskriftunum sem hann eldaði í honum að ég yfirtók eldhúsið heima hjá mér og bjó sjálf til alla réttina.“

> **ÞAÐ ER BARA GAMAN HJÁ ÞEIM OG ÞAU HEYRA EKKERT Í OKKUR, EN Á MEÐAN ÞAU ELDA ERUM VIÐ Á FULLU AÐ FYLGJAST MEÐ ÞEIM ELDA OG MYNDA OKKUR SKOÐANIR.**

Þau Hrefna og Siggi spjölluðu mikið saman um kokkabransann á meðan á upptökum á Ísskápastríði stóð, en sem dómarar þáttarins sitja þau í bakherbergi með sjónvarpsskjá og fylgjast með stjórnendunum Evu Laufeyju og Guðmundi fá til sín sinn gestinn hvort til að elda með forrétt, aðalrétt og eftirrétt undir tímapressu. „Það er bara gaman hjá þeim og þau heyra ekkert í okkur, en á meðan þau elda erum við á fullu að fylgjast með þeim elda og mynda okkur skoðanir,“ segir Hrefna og bætir aðspurð við að hún sé óhrædd við að bregða sér í hlutverk hins ofurgagnrýna dómara. „Þegar málið snýst um mat vil ég að hlutirnir séu í lagi. En ég reyni líka að koma með uppbyggilega gagnrýni. Gummi Ben var til dæmis ekkert sérstaklega sleipur í eldhúsinu í byrjun en varð mun betri eftir því sem leið á upptökur á þáttunum. Hann var mjög duglegur og hlustaði vel á það sem við höfðum að segja.“

Hrefna er auðvitað enginn nýgræðingur í sjónvarpi, en hefur þó ekki sest í dómarasæti í slíkum þætti fyrr. „Hingað til hef ég verið ein að elda í mínum þáttum, bara ég og myndavélin, en nú er kominn annar dómari og þáttastjórnendur og gestir í sal, sem gerir þetta allt mun stærra að umfangi og líka skemmtilegra. Sumir þættirnir eru í raun bara eitt risastórt hlátursksast,“ segir Hrefna, sem keppti í ótal matreiðslukeppnum með íslenska kokkalandsliðinu á tíu ára tímabili og hefur líka dómararéttindi til að dæma í slíkum keppnum. Spurð hvort hún hafi fylgst með erlendum matreiðslukeppnisþáttum í gegnum tíðina segist hún hafa gert töluvert af því þegar slíkir þættir fóru fyrst að njóta vinsælda fyrir mörgum árum, en geri lítið af því lengur. „Þegar þessar þáttaraðir eru farnar að teygja sig upp í tíu seríur eða meira er þetta orðið svolítið mikið af endurteknu efni. Svo eru líka flestir af þessum þáttum framleiddir í Bandaríkjunum og þar eru allir grátandi ef dómararnir eru harkalegir. Það er dálítið ofnotað og ekki skemmtilegt sjónvarpsefni að mínu mati,“ segir Hrefna Sætran að lokum. **– kjg**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


HONDA
The Power of Dreams
BETRI AFKÖST
SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V
Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.
CR-V - ENDALAUST BETRI
Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Bjarna Karlssonar




## Ólík í einrúmi

Hvað á að gera þegar kosningar hafa farið fram, enginn skilur úrslitin og þjóðinni líður eins og hún sé margar þjóðir? Er ekki tryggast að hverfa bara aftur að fyrri iðju; ræða við fb-vinina sem allir eru meira svona eins og maður þekkir, hringsóla bara áfram í sömu kunningjaiðunni, líta inn á gömlu staðina í raf- og raunheimum þar sem fólk eins og maður sjálfur iðkar sína íþrótt, sækir sinn klúbb, kaupir sína vöru kinkandi kolli hvað til annars í góðu samkomulagi um að vera ekki með vesen? Erum við ekki bara öll sátt við að halda áfram að smjúga lipurlega fram hjá hvert öðru í umferðinni, á gangstéttinni, vinnustöðum og skólum, torgum og kringlum án þess að vera neitt að gera nema skiptast á verðmætum? Erum við ekki öll sammála um að vera umburðarlynd og fella enga dóma í þeim skilningi að við deilum vörum og þjónustu jafnt til allra eftir efnahag en pössum að deila ekki hugsunum okkar? Þannig hittum við ókunnugt fólk innan okkar lífsstíls-sviga og tilheyrum án þess að vera eitthvað að segja sögu okkar eða spyrja að lífsskoðunum því það er ósmekklegt. Og svo sleppum við því að tala um réttlæti, það skilur enginn hvort eð er. Þess í stað tölum við bara um hagsmuni og ráðum stjórnmálamenn sem erindreka vissra hópa. Loks pössum við að börnin okkar bragði ekki á lífsskoðunum eða trú heldur sé allt þess háttar (eins og líka fjármál einkafyrirtækja og annað sem ekki á erindi við almannarýmið) vandlega geymt í einkarýminu. Þannig fáum við lipurt og rekstrarvænt þjóðfélag sem er fullt af umburðarlyndu fólki sem skilur ekki hvað annað en er frjálst að því að vera ólíkt í einrúmi. Er það ekki fjölmenning og allir græða?











*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS